

um hlutafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Hlutafélag merkir í lögum þessum hvert það félag, heimilisfast hér á landi, sem stofnað er með fjárframlögum, skiptum í fyrirfram ákveðna hluti, og í því skyni að afla ágóða til skiptingar meðal félagsmanna, enda ábyrgist enginn þeirra skuldir félagsins persónulega, heldur einungis með eignum þess.

Ráðherra getur þó leyft, að ákvæði laga þessara taki einnig til félaga, sem verja ágóða sínum að nokkru leyti eða öllu í góðgerðaskyni eða til almenningsþarfa, enda fullnægi þau að öðru leyti ákvæðum 1. málsg. r.

###### 2. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag til að reka sérhverja lögmæta atvinnu eða starfsemi, nema undantekningar séu gerðar frá því í lögum. Hlutafélag verður að fullnægja þeim skilyrðum laga, sem sett kunna að vera fyrir rekstri atvinnu þeirrar, er það hefur í hyggju að stunda.

###### 3. gr.

Hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina h.f. (h/f). Að öðru leyti fer um firmu hlutafélaga eftir ákvæðum firmalaga.

#### II. KAFLI

##### Stofnun hlutafélaga.

###### 4. gr.

Stofnendur hlutafélags geta verið einstaklingar svo og félög, stofnanir og aðrir ópersónulegir aðilar.

Ef einstaklingur er stofnandi, skal hann vera íslenskur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi, lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.

Ef félag, stofnun eða annar ópersónulegur aðili er stofnandi, skal hann eiga heimili og varnarþing hér á landi.

Sá, sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd stofnanda, skal fullnægja skilyrðum þeim, sem í 2. málsg. segir um einstaklinga, enda ber hann ábyrgð auk umbjóðanda síns sem sjálfur væri hann stofnandi.

###### 5. gr.

Stofnendur hlutafélags skulu vera sjö hið fæsta. Við ákvörðun þeirrar tölu teljast hjón einn aðili, nema hvort um sig leggi til hlutafé af séreign sinni.

Þegar einstaklingar, sem sjálfir eru stofnendur, undirrita jafnframt stofnskjöl fyrir hönd ópersónulegs aðila, skal þess jafnan gætt, að sjö einstaklingar hið fæsta beri persónulega ábyrgð sem stofnendur.

###### 6. gr.

Hver stofnandi skal að minnsta kosti skrá sig fyrir einum hlut í félagi og þó aldrei fyrir lægri fjárhæð en 1000 krónum.

Ekki má stofnandi binda loforð um framlag hlutafjár öðrum skilyrðum en þeim, sem getið er í stofnsamningi.

###### 7. gr.

Stofnendur skulu gera með sér skriflegan stofnsamning. Í honum skal greina:

1. Heiti félags og heimilisfang.
2. Tilgang félagsins, ef hann er annar en sá að afla ágóða til skiptingar meðal hluthafa, sbr. 1. gr.
3. Starfsemi félagsins sérgreinda.
4. Upphæð hlutafjár, hvort sem það er ákveðið með tiltekinni fjárhæð eða innan tiltekinna marka, sbr. 2. málsg. r. 28. gr.
5. Fjárhæð hluta, sbr. 29. gr.
6. Hversu mikið hlutafé hver stofnandi leggur til, hvort það sé þegar greitt, en sé svo ekki, hvenær það eigi að greiðast.
7. Hvort hlutafjár skuli afla að nokkru leyti með útboði. Ef svo er, skal greina útboðsfjárhæð, greiðsluskilmála svo og hvort ákveðnum mönnum eða flokki manna sé áskilinn forgangsréttur til að skrá sig fyrir hlutum í félaginu.
8. Hvort félagið eigi að taka við atvinnu annars aðilja eða öðrum eignum en reiðufé sem greiðslu á hlutafé. Ef svo er, skal greina matsfjárhæð þeirrar atvinnu eða eigna, ef mat fer fram, sbr. 9. gr., en ella andvirði þeirra.

9. Hvort fyrirhugað er, að stofnendur eða aðrir afhendi félaginu atvinnu eða aðrar eignir en reiðufé, án þess að þær gangi til greiðslu hlutafjár. Ef svo er, skal greina andvirði þeirra, greiðsluskilmála og matsfjárhæð, ef mat fer fram, sbr. 9. gr.
10. Hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi eða skyldur og þá hver eða hverjar.
11. Hvort skorður eru reistar við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum og þá hverjar.
12. Hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum að nokkru leyti eða öllu og eftir hvaða reglum.
13. Hvort hlutabréf skuli gefa út til nafngreinds aðila eða til handhafa.
14. Hvort stofnanda eða öðrum aðilja er áskilin staða eða önnur friðindi hjá félaginu.
15. Hámarksfjárhæð þess stofnkostnaðar, sem félaginu er skylt að bera. Ef stofnanda eða öðrum er greidd eða áskilin þóknun vegna stofnunar félagsins, skal greina nöfn þeirra, fjárhæð þóknunarinnar, hvernig hún skal greidd og fyrir hvaða starf.

#### 8. gr.

Fjárhæð stofnkostnaðar, sem félagi er skylt að bera, sbr. 15. tl. 7. gr., má ekki fara fram úr 5% af hlutafénu, að undanteknum stimpilgjöldum og þinglýsingar.

#### 9. gr.

Þegar fyrirhugað er, að hlutafélag taki við atvinnu annars aðila eða öðrum eignum en reiðufé, sbr. 8. og 9. tl. 7. gr., skulu dómkvaddir menn meta verðmæti þessi til fjár, áður en stofnsamningur er gerður. Sjó- og verzlunardómur Reykjavíkur nefnir matsmennina. Skráningarstjóri getur þó veitt undanþágu frá því, að mat fari fram, þegar um minni háttar verðmæti er að ræða eða honum þykir ljóst af atvikum, að eign sé ekki of hátt verðlögð.

Veita skal matsmönnum óhindrað færi á að kynna sér það, er meta skal, svo og þau gögn, er þeir telja nauðsynleg til framkvæmdar matsins. Ef hlutafélag á að taka við atvinnu annars aðila, skal leggja fyrir matsmenn efnahags- og rekstrarreikninga um hana síðustu tvö ár, ef til eru, og veita þeim á annan hátt vitneskju um reksturinn að undanfórnu. Um mat þetta fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum X. kafla laga nr. 85/1936, eftir því sem við á.

Leggja má kostnað af mati á félagið. Þó skal gætt hámarksákvæða 8. gr., þegar matskostnaður telst til stofnkostnaðar, sbr. 8. og 9. tl. 7. gr.

Matsmenn eru þagnarskyldir um þau efni, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

#### 10. gr.

Stofnendur skulu semja frumvarp til félagssamþykkt. Í því skal greina:

1. Heiti félags og heimilisfang.
2. Tilgang félagsins, ef hann er annar en sá að afla ágóða til skiptingar meðal hluthafa, sbr. 1. gr.
3. Starfsemi félags sérgreinda.
4. Upphæð hlutafjár, hvort sem það er ákveðið með tiltekinni fjárhæð eða innan tiltekinnna marka, sbr. 2. málgr. 28. gr.
5. Fjárhæð hluta, sbr. 29. gr.
6. Ákvæði um, hvenær og hvernig hlutafé skuli greitt.
7. Hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi eða skyldur og þá hver eða hverjar.
8. Hvort skorður eru reistar við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum og þá hverjar.
9. Hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum að nokkru leyti eða öllu og eftir hvaða reglum.

10. Hvort hlutabréf skuli gefa út til nafngreinds aðila eða til handhafa.
11. Hvort stofnanda eða öðrum aðila er áskilin staða eða önnur friðindi hjá félaginu.
12. Hvenær og hvar aðalfundi skuli halda, hvernig boða skuli hluthöfum fundi og hvernig aðrar tilkynningar um félagsmál skuli birtar þeim.
13. Fundarsköp, þar á meðal, hvernig fara skuli með tillögur um breytingu á félagssamþykktum og um félagsslit.
14. Ákvæði um atkvæðisrétt hluthafa.
15. Ákvæði um kosningu félagsstjórnar, tölu stjórnenda og kjörtíma.
16. Hvort ráða skuli framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, sbr. 1. málsg. 76. gr.
17. Ákvæði um, hvort einn stjórnandi eða fleiri saman skuli hafa heimild til að skuldbinda félagið.
18. Ákvæði um reikningsár, reikningsskil og skipting ársarðs.
19. Ákvæði um endurskoðendur.

Í frumvarpi til félagssamþykktu mega ekki vera ákvæði, sem brjóta í bága við stofnsamning.

#### 11. gr.

Nú leggja stofnendur ekki fram allt hlutafé, og skulu þeir þá gera áskriftarlista, sem hefjist á útboðsskrá. Í útboðsskrá skal greina:

1. Heiti félags og heimilisfang.
2. Upphæð hlutafjár þess, sem hver stofnandi hefur skráð sig fyrir, svo og fjárhæð þá, er útboð tekur til. Skulu fjárhæðir þessar samanlagðar nema öllu hlutafénu, ef það er tiltekin fjárhæð, en ella ekki minna en lágmarksfjárhæð þess.
3. Gengi þeirra hluta, sem út eru boðnir.
4. Gjaldþaga hlutafjár.
5. Hvernig og með hverjum fyrirvara skuli boðað til stofnfundar.
6. Ákvæði frumvarps til félagssamþykktu um atkvæðisrétt hluthafa.
7. Hvort stofnendur áskilja sér rétt til að ráða sjálfir úthlutun hluta til áskrifenda og að hafna áskriftum, ef áskriftir fara fram úr fjárhæð þeirri, sem út er boðin. Ef slíkur áskilnaður er ekki gerður, skal greina reglur þær, sem úthluta skal eftir.
8. Frest til áskriftar, sem ekki má vera skemmri en 14 dagar frá framlagningu áskriftarlista og ekki ljúka síðar en 4 vikum fyrir stofnfund.

Með áskriftarlistum skulu liggja frammi eftirrit stofnsamnings og fylgiskjala hans svo og frumvarps til félagssamþykktu.

#### 12. gr.

Stofnendur eða umboðsmenn þeirra skulu allir undirrita stofnsamning, frumvarp til félagssamþykktu og útboðsskrá, ef gerð er. Stofnendur skulu því næst án tafar senda skráningarstjóra stofnskjöl öll og fylgiskjöl þeirra til rannsóknar og staðfestingar. Fylgja skal yfirlýsing stofnenda um, að þeir fullnægi skilyrðum 4. gr.

Nú telur skráningarstjóri stofnskjölum áfátt, og skal hann þá veita stofnendum hæfilegan frest til að bæta úr annmörkum.

#### 13. gr.

Nú hefur skráningarstjóri staðfest stofnskjöl, og geta þá stofnendur, ef þeir einir hafa skráð sig fyrir öllu hlutafénu, haldið stofnfund og stofnað félagið, eftir því sem segir í 18.—21. gr.

#### 14. gr.

Nú hefur útboðsskrá verið gerð og útboð ekki bundið við nafngreinda aðilja, og skulu stofnendur þá birta auglýsingu um útboð í Lögbertingablaði. Skal þar greina, hvar og frá hvaða tíma áskriftarlistar liggi frammi svo og áskriftarfrest.

Áskrifandi skal, hvort sem útboð er bundið við nafngreinda aðila eða ekki, rita á áskriftarlista fjárhæð þá, er hann skráir sig fyrir, nafn sitt, heimilisfang og dagsetningu áskriftar.

Áskrift er ógild:

1. Ef hún er ekki gerð á áskriftarlista.
2. Ef ekki er fullnægt skilyrðum 1. málsg. um birtingu útboðs.
3. Ef hún er bundin öðrum skilyrðum en þeim, sem heimil kunna að vera samkvæmt stofnsamningi, enda hafi áskrifandi ekki fallið frá skilyrði, áður en úthlutun fer fram. Skilyrði veldur þó ekki ógildi áskriftar, ef úthlutun eftir réttum reglum leiðir til þess, að því er fullnægt.

15. gr.

Nú hafa eigi fengizt áskriftir í lok áskriftarfrests fyrir öllu hlutafénu, ef það er tiltekin fjárhæð, en ella fyrir lágmarksfjárhæð þess, og verður félag þá ekki stofnað. Tilkynna skulu stofnendur skráningarstjóra og áskrifendum bréflaga úrslit útboðs.

16. gr.

Nú hefur útboð borið árangur, og skulu stofnendur þá að áskriftarfresti liðnum skipta hlutum meðal áskrifenda í samræmi við ákvæði 7. tl. 11. gr. Þeir skulu tilkynna hverjum áskrifanda bréflaga um árangur af áskrift hans ekki síðar en 14 dögum fyrir stofnfund. Þeir geta bundið úthlutun hlutar því skilyrði, að áskrifandi setji tryggingu innan hæfilegs frests fyrir fullri greiðslu hlutarins. Verði ágreiningur um, hvort trygging sé fullnægjandi, sker skráningarstjóri úr.

Andmæli gegn úthlutun skal hafa uppi og bera undir atkvæði á stofnfundi. Ef aðili á þess ekki kost, skal hann bera andmæli fram við félagsstjórn, áður en félagið er skráð, en hún leggur málefnið án tafar fyrir hluthafafund til úrlausnar. Ályktun stofnfundar eða hluthafafundar má bera undir dómstóla, enda sé mál höfðað innan 3 mánaða frá því, að aðilja urðu málalok kunn.

17. gr.

Nú er aðilja, sem ekki er meðal áskrifenda, framseldur réttur til hlutar, áður en félag er skráð, og er framsalið þá því aðeins gilt, að framsalshafa hafi þá verið eða mátt vera kunnugt um atriði þau, sem talin eru í 11. gr.

18. gr.

Stofnendur skulu kveðja alla áskrifendur til stofnfundar, sem haldinn skal innan sex mánaða frá staðfestingu stofnsamnings, sbr. 12. gr. Auk venjulegrar auglýsingar í blöðum skal kvaðning send í ábyrgðarbréfi eða símskeyti með 14 daga fyrirvara hið skemmsta.

Á stofnfundi skulu stofnendur leggja fram stofnskjöl öll og fylgiskjöl þeirra, skýrslu um árangur hlutafjársöfnunar og úthlutun hluta, skilagrein um stofnkostnað og tillögu um kosningu stjórnenda og endurskoðenda.

Á stofnfundi hafa þeir einir atkvæðisrétt, sem úthlutað hefur verið hlutum. Um atkvæðisrétt gilda ákvæði 1.—3. málsg. 60. gr.

Þriðjungur atkvæðisbærra fundarmanna hið fæsta hefur rétt til að fá stofnfundi frestað til ákveðins dags, þó ekki lengur en 4 vikur.

Nú er stofnfundur eða framhaldsstofnfundur ekki haldinn innan þess frests, sem í 1. og 4. málsg. segir, án þess að óviðráðanleg atvik hamli, og fellur þá niður réttur til stofnunar félagsins.

19. gr.

Nú koma ekki fram breytingartillögur við frumvarp til félagssamþykktar á stofnfundi eða framhaldsstofnfundi, og skal þá bera frumvarpið undir atkvæði. Telst það samþykkt, ef meiri hluti atkvæðisbærra fundarmanna veitir því jákvæði, enda ráði þeir yfir meira en helmingi hlutafjár.

Ef fram koma tillögur til breytingar á frumvarpinu, skulu þær bornar undir atkvæði. Til samþykktar þeirra þarf sama atkvæðamagn, sem áskilið er um breytingu á félagssamþykktum eftir stofnun félagsins. Ekki má þó breyta ákvæðum frum-

varpsins um upphæð hlutafjár. Því næst skal frumvarpið í heild borið undir atkvæði, og gilda þá um atkvæðamagn ákvæði 1. málsgr.

Nú hefur frumvarp verið samþykkt samkvæmt ákvæðum 1. eða 2. málsgr., og telst félagið þá stofnað. Skal því næst á sama fundi kjósa stjórnendur og endurskoðendur.

#### 20. gr.

Áður en félag er skráð samkvæmt 21. gr., skal að minnsta kosti helmingur hlutafjár vera greiddur og ekki minna en  $\frac{1}{5}$  hluti þeirrar fjárhæðar í reiðufé.

Þegar váttryggingarhlutafélag á í hlut, nægir, að fjórðungur hlutafjár sé greiddur, enda sé trygging, sem skráningarstjóri metur gilda, sett fyrir öðrum fjórðungi hlutafjárins.

#### 21. gr.

Félagsstjórn skal tilkynna félagið til skráningar innan 3 mánaða frá stofnun þess.

Tilkynning skal gerð á eyðublöð, sem skráningarstjóri lætur af hendi. Þar skal greina atriði þau, sem getur í 1.—14. tl. 10. gr., eins og þau hafa verið samþykkt á stofnfundi, svo og full nöfn stjórnenda, framkvæmdarstjóra og prókúruhafa ásamt stöðu þeirra og heimilisfangi. Einnig skal þess getið, hverjir hafi heimild til að skuldbinda félagið, og skulu þeir sýna með eigin hendi, hvernig undirskriftum sé hagað.

Tilkynningu skulu fylgja eftirrit stofnskjala og fylgiskjala þeirra, endurrit úr gerðabók stofnfundar, yfirlýsing stjórnenda um, að þeir fullnægi lögmaeltum skilyrðum, sbr. 71. gr., vottorð endurskoðenda um, að greiðsla á hlutafé samkvæmt 20. gr. hafi farið fram, svo og önnur þau gögn, er varða stofnun félagsins og skráningarstjóri telur nauðsynleg.

Nú er félag tilkynnt í tæka tíð, en skráningarstjóri telur tilkynningu ekki vera fullnægjandi, og skal hann þá veita hæfilegan frest til að bæta úr annmörkum, þó ekki lengri en 3 mánuði frá lokum tilkynningarfrests samkvæmt 1. málsgr.

#### 22. gr.

Áskrifendur eru lausir undan skyldum þeim, er áskrift fylgdu:

1. Ef ekki hafa fengizt áskriftir í lok áskriftarfrests, svo sem áskilið er í 15. gr.
2. Ef atkvæðagreiðsla á stofnfundi leiðir ekki til stofnunar félags, sbr. 3. málsgr. 19. gr.
3. Ef félag er ekki tilkynnt til skráningar innan þess tíma, sem segir í 1. málsgr. 21. gr.
4. Ef synjað er um skráningu félags, sbr. 130. gr.

Nú er svo ástatt sem í 1. málsgr. getur, og er áskrifanda þá óskytt að bera kostnað af fyrirhugaðri félagsstofnun, nema svo hafi verið áskilið í útboðsskrá. Ef áskrifandi hefur þegar innt greiðslu af hendi, er hún afturkræf ásamt innláns-vöxtum frá greiðsludegi.

#### 23. gr.

Óskráð félag getur hvorki öðlazzt réttindi né tekið á sig skyldur. Eftir að félagsstjórn hefur verið kjörin, getur hún þó verið í fyrirsvari og bundið félagið um málefni, er varða stofnun þess, þar á meðal innheimtu hlutafjár.

Nú er löggerningur gerður fyrir hönd hlutafélags, áður en það er skráð, og eru þá þeir, sem tekið hafa þátt í gerningnum eða ákvörðun um hann, persónulega ábyrgir einn fyrir alla og allir fyrir einn.

#### 24. gr.

Nú er í stofnsamningi greindur gerningur, sem þegar hefur verið gerður fyrir hönd fyrirhugaðs félags, og er félagið þá frá skráningu við hann bundið svo og gagnaðili þess, nema hann hafi neytt riftunarréttar.

Ákvæði 1. málsg. gilda einnig um gerninga, sem stjórnendur, framkvæmdarstjóri eða aðrir fyrirvarsmenn hafa gert fyrir hönd óskráðs félags eftir stofnfund.

Ef gagnaðili hvorki vissi né mátti vita, þegar löggerningur var gerður, að félagið var óskráð, getur hann fram að skráningu þess rift gerningnum. Hann verður þó bundinn með sama hætti og segir í 4. málsg. þessarar greinar, ef hann, eftir að hann vissi eða mátti vita að félagið var óskráð, hefur annaðhvort lýst því við fyrirvarsmenn félagsins, að hann vilji standa við loforð sitt, eða svarar ekki innan hæfilegs frests fyrirspurn þeirra um það efni.

Ef gagnaðili vissi eða mátti vita, þegar löggerningur var gerður, að félagið var óskráð, getur hann ekki rift gerningnum, nema félagið verði ekki tilkynnt til skráningar á réttum tíma eða synjað sé um skráningu.

#### 25. gr.

Ef löggerningur bindur félag samkvæmt 1. málsg. 23. gr. eða 24. gr., fellur persónuleg ábyrgð samkvæmt ákvæðum 2. málsg. 23. gr. niður frá skráningu þess, nema gerninginn hafi átt að efna fyrir eða honum hafi verið rift. Nú verður félag bundið eftir skráningu, án þess að persónuleg ábyrgð aðilja falli niður, og fynnist þá krafa á hendur honum á sex mánuðum frá því að félag varð bundið.

### III. KAFLI

#### Hlutfé, hlutabréf og hlutabréfaskrá.

#### 26. gr.

Í hlutfélagi skulu jafnan vera sjö hluthafar hið fæsta, er fullnægi ákvæðum 4. gr. Um ákvörðun þeirrar tölu gilda ákvæði 1. málsg. 5. gr.

#### 27. gr.

Hlutfélag má ekki eignast hluti sjálfs sín gegn endurgjaldi né taka þá að veði, og eru samningar með slíku efni ógildir. Þó má félag kaupa sjálfs sín hluti á nauðungaruppboði, sem haldið er til fullnægju kröfu félagsins.

Nú hefur félag eignast sjálfs sín hlut, og ber félagsstjórn þá að tilkynna skráningarstjóra það tafarlaust og gera ráðstafanir til, að hluturinn verði seldur öðrum aðila, sem gildur er metinn, félaginu að skaðlausu. Verði málinu ekki komið í rétt horf innan frests, sem skráningarstjóri setur, skal félagsstjórn með bókun í fundargerðabók lýsa hlutinn ógildan og færa hlutfé niður um fjárhæð hans.

Félagsstjórn skal þegar í stað tilkynna skráningarstjóra um ógildingu hlutar og lækkun hlutafjár samkvæmt 2. málsg.

Ef félagsstjórn hefur gert ógildan samning samkvæmt 1. málsg. eða vanrækt skyldur sínar samkvæmt 2. málsg., bera stjórnendur einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á tjóni, sem félagið kann að bíða af þeim sökum.

#### 28. gr.

Hlutfé skal ákveða í íslenzkri mynt. Það má ekki nema lægri fjárhæð en 20 þúsundum króna.

Í stofnsamningi og félagssamþykktum má ákveða, að hlutfé megi hækka eða lækka innan tiltekinna marka um 2 ára skeið frá stofnfundi, án breytinga á félagssamþykktum. Lágmarksfjárhæð má þó ekki vera lægri en  $\frac{2}{3}$  hlutar hámarksfjárhæðar. Ákvæði V. og VI. kafla laga þessara gilda, eftir því sem við á, um hækkun og lækkun hlutafjár samkvæmt þessari málsgrein, að undanteknum ákvæðum 49. gr.

#### 29. gr.

Hlutir skulu ákveðnir þannig, að fjárhæð lægsta hlutar gangi með heilli tölu upp í fjárhæð hærri hluta.

Fjárhæð hlutar skal ekki vera lægri en 100 krónur. Ákvæði þetta gildir þó ekki, ef nauðsyn ber til að hafa fjárhæð lægri vegna forgangsréttar hluthafa samkvæmt 40. gr., vegna hækkunar á hlutafé með rekstrararði samkvæmt 46. gr. eða vegna niðurfærslu hluta samkvæmt 49. gr.

#### 30. gr.

Þegar hlutafélag hefur verið skráð og hlutafé að fullu greitt, skal félagsstjórn gefa út hlutabréf. Ef hlutafé er ákveðið innan tiltekinna marka, sbr. 2. málsg. 28. gr., er nægilegt, að lágmarksfjárhæð sé greidd, enda sé hlutur sá, sem bréfið tekur til, að fullu greiddur.

Heimilt er váttryggingarhlutafélagi að gefa út hlutabréf, þegar félagið hefur fullnægt ákvæðum 2. málsg. 35. gr.

#### 31. gr.

Í hlutabréfi skal greina:

1. Tölu bréfsins.
2. Nafn og heimili félags.
3. Nafnverð hlutar.
4. Nafn eiganda eða að bréfið sé gefið út til handhafa.
5. Útgáfudag bréfsins.

Ef ákvæði eru í félagssamþykktum um eftirtalin atriði, skulu þau einnig greind:

6. Hvort og hverjum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi eða skyldur.
7. Hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum að nokkru leyti eða öllu.
8. Hvort skorður eru reistar við heimild hluthafa til meðferðar hlutabréfa og þá hverjar.

Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabréf. Einn þeirra að minnsta kosti skal rita nafn sitt eigin hendi.

#### 32. gr.

Stjórn hlutafélags gefur út bráðabirgðaskirteini fyrir hlutum, þegar úthlutun þeirra hefur verið ákveðin, en skilyrði fyrir útgáfu hlutabréfa ekki enn fyrir hendi.

Skirteinið skal greina fjárhæð hlutar, hvað greitt hefur verið og hvenær eftirstöðvar megi heimta. Þar skal einnig greina atriði þau, sem í 31. gr. eru talin, eftir því sem við á.

Handhafi bráðabirgðaskirteinis hefur rétt til að fá síðari greiðslur skráðar á skirteinið.

Bráðabirgðaskirteinið veitir rétt til hlutar, og skal það fengið félagsstjórn í hendur, þegar hlutabréf er afhent. Félagsstjórn skal því næst ónýta bráðabirgðaskirteinið.

Halda skal skrá yfir bráðabirgðaskirteini. Um skrána gilda ákvæði 2.—3. málsg. 33. gr. og 1. málsg. 53. gr.

#### 33. gr.

Þegar hlutabréf hafa verið gefin út, skal stjórn félags gera hlutabréfaskrá. Skráin skal gerð í bók, sem skráningarstjóri löggildir.

Í upphafi hlutabréfaskrár skal getið tölu hluta og nafnverðs hvers þeirra. Í skránni skal einnig greina um hvert hlutabréf.

1. Tölu bréfsins, nafnverð og útgáfudag.
2. Nafn og heimilisfang eiganda, ef bréfið er nafnbref, en ella, að það sé gefið út til handhafa. Einnig skal skrá nafn og heimilisfang eiganda handhafabréfs, ef hann æskir þess, sbr. 3. málsg., svo og breytingar á nafnskráningu nafnbreifa og handhafabreifa ásamt dagsetningu tilkynninga.
3. Sérstök réttindi eða skyldur, sem hlut kunna að fylgja.
4. Ef bréf er ógilt með dómi eða það fellur úr gildi á annan hátt svo og aðrar þær breytingar, sem kunna að verða á réttindum eða skyldum samkvæmt hlutabréfi.

Sérhver, sem hefur með formlega löglegri heimild í höndum hlutabréf í félagi, hefur rétt til að kynna sér hlutabréfaskrá þess og til að fá bréfið skráð þar á sitt nafn.

34. gr.

Nú eru hlutir færðir niður, og skal félagsstjórn þá skrá lækkun á hlutabréfin eða afhenda ný hlutabréf, enda sé hinum eldri þá skilað og þau ónýtt. Félagsstjórn skal, ef með þarf, kveðja hluthafa með auglýsingu í Lögbirtingablaði til að gefa sig fram með hlutabréfin.

Ef hlutir eru ógiltir samkvæmt 2. málsg. 27. gr. eða leystir inn að fullu, skal félagsstjórn eða skilanevnd ónýta hlutabréfin.

Þegar skipt er um hlutabréf, má félagsstjórn ekki afhenda ný bréf, nema hinum eldri sé skilað, enda skulu þau þá ónýtt.

#### IV. KAFLI

##### Greiðsla hlutafjár.

35. gr.

Hlutafé skal að fullu greitt innan eins árs frá skráningu félags.

Þegar váttryggingarhlutafélag á í hlut, nægir þó, að helmingur hlutafjár sé greiddur innan frests samkvæmt 1. málsg., enda sé sett trygging fyrir greiðslu eftirstöðvanna, sem skráningarstjóri metur gilda.

36. gr.

Greiðsla hlutar má ekki nema minna en nafnverði hans.

Skýlt er að greiða andvirði hlutar í reiðufé, nema annað sé heimilt eftir ákvæðum stofnsamnings eða ákvörðun hluthafafundar.

Nú á hlutafélag að taka við atvinnu annars aðila eða öðrum eignum en reiðufé sem greiðslu á hlutafé, og má þá verð það, sem til grundvallar er lagt, ekki fara fram úr matsverði, ákveðnu eftir reglum 9. gr., nema skráningarstjóri veiti undanþágu frá mati.

Hlutafé verður ekki greitt með vinnu, sem ekki er þegar innt af hendi. Kröfu, sem risin er af áskrift, má ekki skuldajafna við kröfu á hendur félaginu, nema félagsstjórn samþykki, enda sé þá ljóst, að skuldajöfnuður verði hvorki hluthöfum né lánardrottnum félagsins til tjóns. Ef hlutafé er hækkað, fer um heimild til skuldajafnaðar eftir ákvörðun hluthafafundar, sbr. 2. tl. 40. gr. og 6. tl. 64. gr.

37. gr.

Ef áskrifandi greiðir ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga, er öll hlutaskuld hans þegar gjaldkræf. Skal félagsstjórn þá annaðhvort heinta skuldina þegar í stað með málssókn eða afhenda öðrum rétt til hlutar eða hluta áskrifandans. Jafnan skal þó, áður en hlutur er afhentur öðrum, veita áskrifanda 14 daga frest til að koma málinu í rétt horf.

Nú hefur hlutur verið afhentur öðrum aðila samkvæmt 1. málsg., og helzt þá ábyrgð fyrri áskrifanda, unz hluturinn er að fullu greiddur, enda á hann eigi fyrir rétt til endurgreiðslu á þegar greiddu hlutafé.

38. gr.

Félagsstjórn skal innan mánaðar frá lokum frests samkvæmt 35. gr. tilkynna skráningarstjóra um greitt hlutafé, enda hafi honum ekki áður borizt tilkynning um fulla greiðslu þess. Tilkynningu skal jafnan fylgja yfirlýsing endurskoðenda um, að hlutafé hafi verið greitt, eins og í tilkynningu greinir.

Ef tilkynning berst ekki á réttum tíma eða hlutafé er ekki að fullu greitt, skal skráningarstjóri veita félaginu hæfilegan frest til að bæta úr annmörkum, þó ekki lengri en 6 mánuði frá lokum frests samkvæmt 35. gr.



Ef hlutur er ekki að fullu greiddur innan frests samkvæmt 2. málsg. og mál til heimtu andvirðis hans biður ekki úrlausnar dómstóla, skal félagsstjórn veita áskrifanda kost á hlutum fyrir þegar greiddri fjárhæð, enda sé gætt ákvæða 1. málslíðs 2. málsg. 29. gr. Hluti, sem svara til ógreiddra eftirstöðva, skal félagsstjórn með bókun í fundargerðabók lýsa ógilda og færa hlutafé niður um þá fjárhæð. Ákvörðun þessa skal tilkynna skráningarstjóra þegar í stað. Þó að hlutur sé ógiltur, ber áskrifandi ábyrgð með fjárhæð hans á þeim skuldbindingum félags, sem stofnað hefur verið til, áður en skráð er lækkun hlutafjár.

Áskrifandi hlutar, sem ógiltur hefur verið samkvæmt 3. málsg., á ekki rétt til endurgreiðslu á þegar greiddu hlutafé.

Ef ákvæði 3. málsg. veldur því, að gefa verður út smærri hlutabréf en ákveðið er í félagssamþykktum, skal breyta samþykktunum til samræmis við það.

## V. KAFLI

### Hækkun hlutafjár.

#### 39. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutafjár, hvort heldur hækkunin er gerð innan þeirra marka, sem tiltekin hafa verið í félagssamþykktum, sbr. 2. málsg. 28. gr., eða með breytingu á félagssamþykktum.

Nýir hlutir skulu veita sama rétt sem eldri, almennir hlutir, nema öðruvísi sé ákveðið í félagssamþykktum.

Þegar hlutafé er hækkað, gilda ákvæði III. og IV. kafla laga þessara, eftir því sem við á.

#### 40. gr.

Hluthafar eiga forgangsrétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við fyrri hlutaeign sína.

Ákvæði 1. málsg. gildir þó ekki:

1. Ef fyrri hlutir veita mismunandi rétt til fjárgreiðslu úr hendi félagsins eða misjafnan atkvæðisrétt á hluthafafundum samkvæmt 2. málsg. 60. gr.
2. Ef hluthafafundur ákveður, að nýja hluti eigi að greiða með öðru verðmæti en reiðufé eða með skuldajöfnuði.

#### 41. gr.

Ef hluthafar hafa eigi komið sér saman um skiptingu allra hinna nýju hluta sín á milli, skal áskrift gerð á áskriftarlista. Áskriftarlisti skal hefjast á útboðsskrá, sem félagsstjórn gerir og skráningarstjóri hefur staðfest. Ákvæði 12. gr. gilda hér, eftir því sem við á.

Í útboðsskrá skal greina:

1. Heiti félags og heimilisfang.
2. Samþykkt hluthafafundar um hækkun hlutafjár, sbr. 39. gr.
3. Útboðsfjárhæð. Skal hún annaðhvort ákveðin með tiltekinni fjárhæð eða innan tiltekinna marka, enda sé lágmarksfjárhæð ekki lægri en  $\frac{2}{3}$  hlutar hámarksfjárhæðar.
4. Nafnverð hluta og útboðsgengi þeirra.
5. Ákvæði um greiðslu nýrra hluta, þar á meðal um gjalddaga.
6. Hvort hluti skuli greiða með öðru verðmæti en reiðufé eða með skuldajöfnuði. Ef svo er, skulu fylgja skilríki þau, sem áskilin eru í 2.—4. málsg. 36. gr.
7. Reglur um úthlutun nýrra hluta.
8. Hámarksfjárhæð þess kostnaðar af hækkuninni, sem félaginu er skylt að bera, svo og þau atriði önnur, sem getur í 15. tl. 7. gr., eftir því sem við á.
9. Frest til áskriftar, sem ekki má vera skemmri en 14 dagar frá framlagningu áskriftarlista.

Með áskriftarlistum skulu liggja frammi eftirrit félagssamþykktá og reikningar félagsins um síðasta reikningsár.

Ákvæði 14. gr. gilda um útboð og áskrift nýrra hluta, eftir því sem við á.

Aldreí má kostnaður, sem félagi er skylt að bera vegna hækkunar á hlutafé, fara fram úr 5% hlutafjáráukans, að undanteknum stimpilgjöldum og þinglýsingar.

#### 42. gr.

Hækkun hlutafjár verður ekki framkvæmd, nema áskriftir fáist fyrir öllu útboðsfé, ef það er tiltekin fjárhæð, en ella fyrir lágmarksfjárhæð þess.

Nú ber útboð árangur, og skal félagsstjórn þá, svo fljótt sem unnt er að áskriftarfresti liðnum, skipta hlutum meðal áskrifenda og tilkynna þeim bréflega um árangur áskriftar. Hún getur bundið úthlutun skilyrði því, er í 1. málsg. 16. gr. getur.

Andmæli gegn úthlutun skulu höfð uppi við félagsstjórn án ástæðulauss dráttar, en hún leggur málefnið án tafar fyrir hluthafafund til úrlausnar. Ályktun hluthafafundar má bera undir dómstóla, enda sé mál höfðað innan 3 mánaða frá því, að aðilja urðu málalok kunn.

#### 43. gr.

Áður en hækkun hlutafjár er skráð samkvæmt 44. gr., skal að minnsta kosti helmingur hlutafjáráukans vera greiddur. Í váttryggingarhlutafélagi nægir þó greiðsla  $\frac{1}{4}$  hluta, enda sé trygging, sem skráningarstjóri metur gilda, sett fyrir öðrum fjórðungi hlutafjáráukans.

#### 44. gr.

Nú hafa hluthafar komið sér saman um skipting allra hinna nýju hluta sín á milli, og skal félagsstjórn þá tilkynna skráningarstjóra hækkun hlutafjár innan tveggja mánaða frá því, að hluthafafundur gerði ályktun um hækkun. Ef útboð hefur fram farið, skal tilkynning send innan tveggja mánaða frá lokum áskriftarfrests samkvæmt 9. tl. 41. gr.

Tilkynning skal gerð á eyðublað, sem skráningarstjóri lætur af hendi. Henni skulu fylgja endurrit skjala þeirra, er að hækkun hlutafjár lúta, svo og vottorð endurskoðenda um að greiðsla hlutafjár samkvæmt 43. gr. hafi farið fram. Ákvæði síðustu málsgreinar 21. gr. og 22. gr., gilda hér, eftir því sem við á.

#### 45. gr.

Hlutafjáráuki skal að fullu greiddur innan eins árs, frá því að hækkun var skráð. Í váttryggingarhlutafélagi nægir þó greiðsla helmings hlutafjáráukans innan þess tíma, enda sé sett trygging fyrir eftirstöðvunum, sem skráningarstjóri metur gilda.

Félagsstjórn skal tilkynna skráningarstjóra um greitt hlutafé innan mánaðar frá lokum frests samkvæmt 1. málsg., og gilda um það að öðru leyti ákvæði 38. gr.

#### 46. gr.

Rekstrararð má færa til hækkunar á hlutafé að því tilskildu, að varasjóður félagsins nemi að því loknu ekki minna en 25% af hlutafé, að hækkun meðtalinni.

Þegar samþykkt hefur verið gerð um hækkun hlutafjár samkvæmt 1. málsg., skal félagsstjórn þegar senda skráningarstjóra tilkynningu um hana. Fylgja skulu tilkynningu eftirrit efnahagsreiknings og rekstrarreiknings svo og vottorð endurskoðenda um, að gætt hafi verið skilyrða 1. málsg. Ekki má gefa út ný hlutabréf, fyrr en hækkun hefur verið skráð.

## VI. KAFLI Lækkun hlutafjár.

### 47. gr.

Heimilt er að setja í stofnsamning og félagssamþykktir ákvæði um innlausn hluta samkvæmt tilteknum reglum, sem þar eru greindar. Sams konar ákvæði má setja í samþykkt hlutahafafundar um hækkun hlutafjár, að því er varðar nýja hluti, er samþykktin tekur til.

Innlausn samkvæmt 1. málsg. er þó því aðeins heimil, að félagið eigi eftir lækkunina eignir, sem svara til skulda, höfuðstóls og lögskylds varasjóðs.

### 48. gr.

Hluthafafundur tekur ákvörðun um lækkun hlutafjár innan þeirra marka, sem tiltekin kunna að hafa verið í félagssamþykktum, sbr. 2. málsg. 28. gr.

### 49. gr.

Þegar hlutafé er hækkað samkvæmt ákvæðum 39.—45. gr., getur hluthafafundur ákveðið með breytingu á félagssamþykktum, að eldri hlutir séu jafnframt færðir niður án greiðslu til hluthafa, enda nemi hækkun hlutafjár með nýjum hlutum ekki minna en þeirri lækkun, sem niðurfærsla eldri hluta veldur.

### 50. gr.

Þegar hlutafé er lækkað í öðrum tilvikum en þeim, sem greinir í 2. málsg. 27. gr., 3. málsg. 38. gr., og 47.—49. gr., skal það ákveðið í samþykkt hluthafafundar um breytingu á félagssamþykktum. Skal félagsstjórn því næst birta í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna félagsins um að lýsa kröfum sínum með sama hætti og sömu réttaráhrifum sem gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

Að innköllunarfresti liðnum má lækka hlutafé, ef eftirgreindum skilyrðum er fullnægt:

1. Að greiddar séu viðurkenndar kröfur, sem í gjalddaga eru fallnar, og trygging sett fyrir öðrum kröfum. Skráningarstjóri sker úr, hvort trygging sé fullnægjandi.
2. Að félagið eigi eftir lækkunina eignir, sem svara til skulda, höfuðstóls og lögskylds varasjóðs.

### 51. gr.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um lækkun hlutafjár samkvæmt þessum kafla, skal félagsstjórn tilkynna það skráningarstjóra þegar í stað.

Ekki má færa hlutaféð niður né leysa inn hluti, fyrr en skráningarstjóri hefur samþykkt lækkun hlutafjár. Hann skal krefja félagsstjórn gagna um, að fylgt sé réttum reglum um lækkunina, þar á meðal vottorðs endurskoðenda um, að fullnægt sé ákvæðum 2. tl. 2. málsg. 50. gr.

Ákvörðun um lækkun hlutafjár fellur úr gildi, ef hún er ekki framkvæmd innan eins árs.

## VII. KAFLI Hluthafafundir.

### 52. gr.

Hluthafafundur hefur æðsta vald í málefnum félags með þeim hætti, sem lög og samþykktir þess ákveða.

Hluthafafundur skal halda á heimili félags, nema félagssamþykktir heimili annan fundarstað, enda sé hann innanlands.

53. gr.

Deir hluthafar, sem ekki eru skráðir á hlutabréfaskrá, sbr. 33. gr. og 5. málsg. 32. gr., njóta ekki réttinda hluthafa gagnvart félaginu til annars en fjárgreiðslu úr hendi þess og forgangs til að skrá sig fyrir hlutum, sbr. 40. gr.

Hluthafi, sem skráður hefur verið á hlutabréfaskrá 5 dögum fyrir hluthafafund, hefur rétt til að sækja hann og taka þátt í fundarstörfum.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja fund fyrir sína hönd. Í félagssamþykktum má ákveða, að slíkt umboð verði aðeins falið hluthöfum einum, en að öðru leyti má þar ekki takmarka rétt hluthafa til að láta umboðsmann sækja fund fyrir sína hönd.

Umboð samkvæmt 2. málsg. gildir ekki lengur en 5 ár í senn.

54. gr.

Félagsstjórn annast kvaðningu til funda. Kveðja skal til fundar með 14 daga fyrirvara hið skemmsta og með þeim hætti, er félagssamþykktir ákveða.

Í kvaðningu til fundar skal greina í aðalatriðum málefni þau, sem þar á að taka til meðferðar. Að því leyti, sem dagskrá aðalfundar er ákveðin í félagssamþykktum, nægir þó að vísa til þeirra.

Nú vill hluthafi bera upp mál á hluthafafundi, og er félagsstjórn þá skylt að geta þess í fundarboði.

Ógildar eru ályktanir hluthafafundar, ef ekki er gætt ákvæða 1. málsg. um kvaðningu, svo og ályktanir um málefni, sem ekki er getið í fundarboði samkvæmt 2. og 3. málsg., nema allir hluthafar samþykki.

55. gr.

Félagsstjórn skal að minnsta kosti 14 dögum fyrir fund leggja fram í skrifstofu félagsins dagskrá fundarins og tillögur þær, er upp skal bera, ásamt greinargerð um þær. Með sama hætti skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning og ársskýrslu félagsstjórnar, áður en aðalfundur er haldinn.

56. gr.

Aðalfund skal halda eftir því, sem félagssamþykktir ákveða, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári og eigi síðar en innan 6 mánaða frá lokum reikningsárs.

Nú lætur félagsstjórn hjá líða að kveðja til aðalfundar, og skal skráningarstjóri þá kveðja til fundarins, ef hluthafi krefst þess. Stýrir skráningarstjóri eða umboðsmaður hans fundi, og er félagsstjórn skylt að afhenda honum þær bækur félagsins og önnur gögn, er hann telur nauðsynleg. Skráningarstjóri getur krafist félagið um greiðslu kostnaðar af kvaðningu þessari og fundarhaldi.

57. gr.

Félagsstjórn getur kvatt til aukafundar, þegar hún telur þess þörf.

Skylt er félagsstjórn að kveðja til aukafundar, ef hluthafar, sem ráða yfir  $\frac{1}{10}$  hlutafjár eða meir, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Ef félagsstjórn verður ekki við kröfu þessari innan 14 daga, geta hluthafar þessir krafist, að skráningarstjóri kveðji til fundarins. Gilda þá ákvæði 2. málsg. 56. gr. um kvaðningu og fundarhald, eftir því sem við á.

58. gr.

Hluthafafundur er því aðeins lögmætur, að helmingur skráðra hluthafa og þó ekki færri en fjórir sækir fund, enda ráði fundarmenn yfir  $\frac{2}{3}$  hlutafjár hið minnsta.

Nú er fundur ekki lögmætur samkvæmt 1. málsg., og er félagsstjórn þá rétt að kveðja til nýs fundar. Um fundarkvaðningu fer að venjulegum hætti, en geta skal þess, að fundurinn sé haldinn í stað þess fundar, sem eigi varð lögmætur.

Er hinn síðari fundur þá lögmætur, ef hann sækja fjórir hluthafar hið fæsta, enda ráði þeir yfir helmingi hlutafjár eða meira.

59. gr.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið í félagssamþykktum, skal formaður stjórnar eða sá, er stjórn nefnir, setja fund og láta kjósa fundarstjóra.

Fundarstjóri annast, að skráð sé í gerðabók það, sem á fundi gerist, og á hver hluthafi rétt til endurrits úr bókinni í síðasta lagi viku eftir fund.

60. gr.

Lágmarkshluttur hver veitir rétt til að greiða eitt atkvæði á hluthafafundi og hærri hlutir hlutfallslega fleiri atkvæði, sbr. 29. gr.

Í félagssamþykktum má ákveða, að tilteknir hlutir skuli hafa meira atkvæðagildi eða minna gagnvart öðrum hlutum en í 1. málsg. getur, þó ekki frekar en svo, að atkvæðagildi þeirra sé tífalt meira eða minna en verða mundi samkvæmt ákvæðum 1. málsg.

Enginn getur á hluthafafundi farið með fyrir sjálfs sín hönd og annarra meira en  $\frac{1}{5}$  hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.

Ekki veitir hluttur atkvæðisrétt, nema að fullu sé goldið andvirði hans, sem í gjalddaga er fallið, eða fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu þess. Hlutfélagi er ekki heimilt að greiða atkvæði fyrir hluti sjálfs sín, er það kann að hafa eignast, sbr. 27. gr.

Hlutir, sem getur í 4. málsg., teljast ekki með, er ákveða skal, hvort fundur sé lögmætur samkvæmt 58. gr., hvort ákveðið hlutafjarmagn veiti tilteknar heimildir eða hvort nægilegt hlutafjarmagn sé bak við ákvörðun hluthafafundar.

61. gr.

Nú hefur hluthafi eða umboðsmaður hluthafa að gæta sérstakra hagsmuna sín eða annarra við atkvæðagreiðslu, enda velti ákvörðun um málefnið á atkvæði hans, og getur þá hluthafi, sem ekki hefur goldið ákvörðuninni jákvæði, fengið henni hrundið með dómi, ef hagsmunir félagsins eru í veigamiklum atriðum fyrir borð bornir. Um málshöfðunarfræst gilda ákvæði 69. gr.

62. gr.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi, nema öðruvísi sé mælt í lögum eða félagssamþykktum.

Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu, og ræður þá hlutkesti úrslitum, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

63. gr.

Samþykki allra hluthafa þarf til ákvarðana um eftirgreind efni:

1. Að breyta tilgangi félags, sbr. 1. gr.
2. Að skylda hluthafa til að leggja fram fé eða annað í félagsþarfir umfram skuldbindingar sínar.
3. Að skylda einstakan eða einstaka hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum að einhverju leyti eða öllu, sbr. 50. gr., eða niðurfærslu samkvæmt 49. gr.
4. Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum.
5. Að skerða rétt hluthafa til greiðslu úr hendi félags við slit þess.

Nú nær tillaga um efni, sem getur í 1. eða 3.—5. tölul. fyrri málsg., samþykki allra, er yfir hlutum ráða á lögmætum hluthafafundi, en allir hluthafar hafa ekki sótt fund, og getur þá félagsstjórn kvatt til nýs fundar um málið. Kveðja skal til fundarins með auglýsingu í Lögbirtingablaði með 4 mánaða fyrirvara hið skemmsta og greina þar fundarefni. Auk þess skal gæta ákvæða 54. gr. um fundarkvaðningu.

Tillagan telst samþykkt, ef allir hluthafar, sem á síðari fundinn koma, gjalda henni jákvæði, enda ráði þeir yfir 10% hlutafjár hið minnsta.

#### 64. gr.

Til þess að gild verði samþykkt hluthafafundar um eftirgreind efni, verða þeir hluthafar, sem gjalda henni jákvæði, að ráða yfir 10% hlutafjár hið minnsta:

1. Að breyta starfsemi félagsins í veigamiklum atriðum.
2. Að breyta ákvæðum um atkvæðisrétt hluthafa.
3. Að skerða rétt hluthafa til arðs.
4. Að breyta ákvæðum um forréttindi eða skyldur, sem hlutum fylgja, eða um jafnrétti hluthafa sín á milli.
5. Að lækka nafnverð hluta almennt án greiðslu til hluthafa samkvæmt 49. gr.
6. Að hækka hlutafé, er greiða á nýja hluti með öðru verðmæti en reiðufé eða með skuldajöfnuði, sbr. 2. tl. 40. gr.
7. Að slíta hlutafélagi með því að sameina það öðru hlutafélagi, sbr. 118. og 119. gr.

#### 65. gr.

Nú hefur samþykkt verið gerð um efni, er um ræðir í 64. gr., og eiga þá þeir hluthafar, sem ekki hafa gildið henni jákvæði, rétt til þess, að þeir hluthafar, er að samþykkt stóðu, leysi til sín hluti þeirra. Krafa um innlaun skal borin fram við stjórn félags innan 14 daga frá því að samþykkt var gerð. Samþykkt samkvæmt 64. gr. tekur ekki gildi, fyrr en innlaun hefur fram farið.

Þegar er krafa samkvæmt 1. málsg. hefur komið fram, ber félagsstjórn að gera ráðstafanir til, að þeir hluthafar, er að samþykkt stóðu, leysi til sín hluti þessa. Ef innlaun hefur ekki farið fram innan eins mánaðar, frá því að krafa var gerð, fellur samþykkt hluthafafundar úr gildi.

Nú greinir aðilja á um innlausnarverð, og skulu þá dómkvaddir menn meta með hliðsjón af gangverði hluta, ef unnt er, og hag félagsins, áður en samþykkt samkvæmt 64. gr. var gerð. Um mat þetta gilda ákvæði 9. gr., eftir því sem við á. Kostnað af matinu ber félagið. Hluthafi, er krefst innlausnar, skal tilkynna félagsstjórn innan tveggja vikna, frá því að honum varð kunnugt um mat, hvort hann heldur fram kröfu sinni um innlaun. Innan sama frests skal félagsstjórn tilkynna hluthafa, hvort þeir, er leysa skulu til sín hlutina, kjósi að gera það samkvæmt matinu eða að láta samþykktina niður falla.

Fullnægjufrestur samkvæmt 2. málsg. framlengist í samræmi við ákvæði 3. málsg., þegar atvikum er svo hátað, sem þar segir.

#### 66. gr.

Til þess að gild verði samþykkt hluthafafundar um breytingu á félagssamþykktum, að því er varðar önnur atriði en þau, sem talin eru í 63. og 64. gr., verða þeir hluthafar, sem gjalda henni jákvæði, að ráða yfir 1/3 hlutafjár hið minnsta.

#### 67. gr.

Nú þarf aukið atkvæðamagn samkvæmt 63. og 64. gr. til samþykktar tillögu, en sá eða þeir hluthafar, sem vernda átti með ákvæðum þessum, gjalda tillögunni jákvæði, og telst hún þá samþykkt með einföldum meiri hluta atkvæða.

#### 68. gr.

Þegar tillaga hefur komið fram á hluthafafundi um málefni, sem getur í 63., 64. eða 66. gr., eða um samþykkt ársreikninga, geta hluthafar, er ráða yfir 1/5 hlutafjár, fengið ákvörðun um málefnið frestað til framhaldsfundar, þó ekki lengur en eina viku. Nægilegt er að tilkynna á fundinum, hvar og hvenær framhaldsfundur skuli haldinn.

69. gr.

Nú telur hluthafi ályktun hluthafafundar ólögmeta og vill hnekkja henni með dómi, og skal ógildingarmál þá höfðað innan 3 mánaða frá því, að honum varð ályktun kunn, en þó í síðasta lagi innan 18 mánaða frá því, að ályktun var gerð.

VIII. KAFLI

Félagsstjórn og framkvæmdarstjórn.

70. gr.

Félagsstjórn skal skipuð þremur mönnum hið fæsta, kjörnum á aðalfundi. Heimilt er að kjósa varastjórn með sama hætti. Ákveða má í félagssamþykktum, að stjórnendur skuli kosnir hlutfallskosningu. Kjörtími stjórnenda skal haldast til tiltekins aðalfundar, þó ekki lengur en til þriðja aðalfundar eftir kjör þeirra.

Hluthafafundur getur ákveðið, að stjórnandi víki úr stjórn, þó að kjörtími hans sé ekki liðinn. Stjórnandi getur og hvenær sem er sagt starfi sínu lausu.

Nú hverfur stjórnandi úr starfi, og skal þá, ef varastjórnandi tekur ekki sæti hans, þegar kveðja til hluthafafundar og kjósa stjórnanda í hans stað út kjörtíma-bilið. Kosningu má þó fresta til næsta aðalfundar, ef þrír menn hið fæsta eru eftir í stjórn.

71. gr.

Stjórnandi félags skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

1. Vera íslenzkur ríkisborgari. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu skilyrði um einn stjórnanda.
2. Vera lögráða og fjár síns ráðandi.
3. Hafa óflekkað mannorð.
4. Eiga hlut í félaginu eða vera stjórnandi eða framkvæmdarstjóri félags, stofnunar eða annars ópersónulegs aðilja, sem hlut á í félaginu. Meiri hluti stjórnenda skal vera búsettur hér á landi.

72. gr.

Ef félagsfundur hefur ekki ákveðið, hver vera skuli formaður félagsstjórnar, kjósa stjórnendur hann úr sínum hópi. Formaður má hvorki vera framkvæmdarstjóri né starfsmaður félagsins.

73. gr.

Formaður kveður til stjórnarfundar, þegar ástæða er til. Hann skal og jafnan kveðja til fundar, ef einhver stjórnenda eða framkvæmdarstjóri æskir þess.

Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnenda sækir fund. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundi. Í félagssamþykktum má ákveða aukinn meiri hluta um fundarsókn og atkvæðamagn.

Nú verða atkvæði jöfn við kosningar, og ræður þá hlutkesti úrslitum, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

Félagsstjórn heldur gerðabók, er í skulu skráðar ályktanir og meginatriði annars þess, sem á fundi gerist. Hver stjórnandi og framkvæmdarstjóri á rétt til að fá þar skráð sérálit sitt.

74. gr.

Félagsstjórn fer með málefni félags lögum samkvæmt. Henni er skylt að hlíta fyrir mælum félagssamþykktu og hluthafafunda, nema að því leyti sem þau kunna að brjóta í bága við lög. Hún skal annast um, að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, svo og fylgjast með því, að framkvæmdarstjóri gegni skyldum sínum. Skylt er hverjum stjórnanda að afla sér vitneskju um atriði, sem hér að lúta. Sérstaklega ber formanni að kynna sér bókhald félagsins að staðaldrí og staðreyna, að eignir þess séu þar rétt taldar.

75. gr.

Félagsstjórn er óheimilt, nema að fengnu samþykki hluthafafundar, að kaupa eða selja fasteignir, skip og önnur atvinnutæki eða verðmæti, ef eignir þessar eru notaðar eða á að nota í rekstri félagsins og mega teljast þýðingarmiklar í því sambandi.

Þegar tillaga um efni, sem getur í 1. málsg., er lögð fyrir hluthafafund, skal félagsstjórn láta fylgja henni rökstudda álitsgerð endurskoðenda félagsins um það, hvort telja megi fyrirhugaða ráðstöfun hagkvæma félaginu. Skal endurskoðendum veitt óhindrað færi á að kynna sér þau gögn, er þeir telja sér nauðsynleg í þessu starfi.

76. gr.

Félagsstjórn ræður framkvæmdarstjóra í samræmi við ákvæði félagssamþykktta. Ráða má fleiri en einn framkvæmdarstjóra, ef telja verður einum manni ofvaxið að rækja starfið.

Framkvæmdarstjóri skal vera íslenskur ríkisborgari, lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Hann skal og vera heimilisfastur hér á landi, nema hann veiti forstöðu útibúi félagsins erlendis. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðinu um íslenskan ríkisborgararétt.

77. gr.

Framkvæmdarstjóri annast daglegan rekstur félagsins. Hann hefur eftirlit með starfsmönnum þess og fjárreiðum, stjórnar bókhaldi þess og ber ábyrgð á því.

Framkvæmdarstjóri skal þegar í stað kynna félagsstjórn þau atriði, sem mikilvæg eru fyrir rekstur félagsins, og leita ákvarðana hennar um málefni, sem eru óvenjuleg eða mikilsháttar.

Framkvæmdarstjóri á sæti á fundum félagsstjórnar, þó að eigi sé hann stjórnandi, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Hefur hann þar umræðu- og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt stjórnandi.

Ef framkvæmdarstjóri er eigi ráðinn, hvíla skyldur samkvæmt 1. málsg. á félagsstjórn.

78. gr.

Félagsstjórn og framkvæmdarstjóra er skylt að koma á hluthafafundi og veita skýrslu um þau atriði, er hluthafar óska, nema ætla megi, að það sé félaginu til tjóns, en þá skal, ef hluthafi óskar, endurskoðendum gefin skýrsla um málið innan viku. Endurskoðendur skulu því næst innan viku láta í té skriflegt álit um það, hvort skýrsla félagsstjórnar veiti efni til athugasemda eða til breytingar á fyrri staðfestingu þeirra á ársreikningi, sbr. 97. gr. Ef svo er, skal sú athugasemd eða breyting greind í álitinu.

79. gr.

Stjórnanda félags er óheimilt að greiða atkvæði á stjórnarfundi um sanningsgerð milli hans og félagsins eða um málshöfðun gegn honum. Félagsstjórn ein getur fyrir hönd félags gert samning við framkvæmdarstjóra þess. Framangreind ákvæði gilda einnig um sanningsgerð við aðra aðilja og málshöfðun, ef stjórnandi eða framkvæmdarstjóri hefur þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kunna að fara í bága við hagsmunum félagsins.

80. gr.

Nú er stjórnanda eða framkvæmdarstjóra áskilin ágóðaþóknun, og má þá ekki miða hana við hærri tekjur en hreinan ársarð, eftir að frá er dreginn tekjuhali fyrri ára svo og framlög til varasjóðs og skattgreiðslu samkvæmt 2. málsg. 91. gr.

81. gr.

Félagsstjórn skuldbindur félag samkvæmt lögum og samþykktum þess, sbr. 17. tl. 10. gr.



Félagsstjórn ein getur veitt prókúruumboð. Prókúruhafi skal vera islenskur ríkisborgari, lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðinu um islenskan ríkisborgararétt.

82. gr.

Félagsstjórn skal tafarlaust tilkynna skráningarstjóra:

1. Kjör stjórnenda, nöfn þeirra og heimilisfang.
2. Ráðning framkvæmdarstjóra og prókúruhafa, nöfn þeirra og heimilisfang.
3. Hvernig háttað er nafnritun undir skuldbindingar félagsins.
4. Atvik, sem valda eiga félagsslitum samkvæmt 1., 2., 3.b. og 5. tl. 1. málgr. 102. gr.
5. Breytingar, er kunna að verða á atriðum, sem skylt er að tilkynna skráningarstjóra samkvæmt lögum þessum.

Nú telur skráningarstjóri tilkynningu samkvæmt 1. málgr. ekki fullnægjandi, og skal hann þá veita hæflegan frest til að bæta úr annmörkum.

IX. KAFLI

Reikningsskil og ráðstöfun arðs.

83. gr.

Reikningsár hlutafélags skal vera 12 mánuðir. Almanaksár er reikningsár, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum. Fyrsta reikningsár eftir félagsstofnun má vera lengra eða skemmra en 12 mánuðir, en þó ekki lengra en 18 mánuðir. Sama gildir um fyrsta reikningsár, eftir að upphafstíma þess hefur verið breytt.

84. gr.

Að reikningsári loknu semur og undirritar félagsstjórn og framkvæmdarstjóri ársreikning hlutafélags, ársskýrslu og tillögu um ráðstöfun á arði félagsins.

Ársreikningur og tillaga um ráðstöfun arðs skulu afhent endurskoðendum eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund.

Félagsstjórn leggur ársreikning, ársskýrslu og tillögu um ráðstöfun arðs fyrir aðalfund, eftir að endurskoðendur hafa áritað reikninginn og látið uppi álit um tillöguna og gætt hefur verið fyrir mæla 55. gr. um framlagningu gagnna þessara.

85. gr.

Í ársreikningi skal vera rekstrarreikningur og efnahagsreikningur. Þeir skulu vera nákvæmir, nægjanlega sundurliðaðir og að öllu leyti fullnægja ákvæðum laga um bókhald.

86. gr.

Í ársskýrslu skal gera nánari grein en fram kemur í ársreikningi fyrir rekstri og hag félagsins á liðnu reikningsári. Því skal og lýst, ef atvik hafa gerzt fyrir eða eftir lok reikningsárs, sem hafa haft eða ætla má að hafi veruleg áhrif á rekstur félagsins eða efnahag.

87. gr.

Hlutafélag skal leggja fé í varasjóð. Með þeirri undantekningu, er greinir í 2. málgr. 89. gr., má eingöngu nota sjóðinn til að vinna upp tap, sem orðið hefur á rekstri félagsins samkvæmt samþykktum efnahagsreikningi, enda sé ekki unnt að jafna hallann með tekjuafgangi síðasta reikningsárs eða öðrum eignum félags en varasjóði.

88. gr.

Í varasjóð skal leggja, þegar skilyrði eru fyrir hendi:

1. Tíu hundraðshluta af hreinum arði síðasta reikningsárs, eftir að jafnaður hefur verið halli fyrri ára og hæfilegt fé tekið frá til greiðslu áætlaðra skatta til ríkis og sveitarfélags vegna rekstrar félagsins á reikningsárinu.

2. Ef hluthöfum er greiddur hærri ársarður af hlutum þeirra en 6%, skal leggja í varasjóð fjárhæð, er ekki sé lægri en samanlögð arðsúthlutun umfram 6%
3. Ef félag hefur fengið meira en nafnverð fyrir hluti, þegar það var stofnað eða hlutafé þess hækkað, skal fé það, sem greitt var umfram nafnverð, lagt í varasjóð, að því leyti, sem því er ekki varið til greiðslu á kostnaði af stofnun félags eða hækkun hlutafjár.
4. Öndurkræft andvirði hlutar, sem ógiltur hefur verið samkvæmt ákvæðum 38. gr.

89. gr.

Þegar varasjóður hefur náð 25% hlutafjár, mega framlög til hans samkvæmt 1. og 2. tl. 88. gr. lækka um helming. Þegar hann hefur náð 50% hlutafjár, mega framlög samkvæmt 1.—3. tl. 88. gr. falla niður. Greiðslur til varasjóðs samkvæmt 88. gr. skulu þó haldast, ef skuldir félagsins við lánardrottna þess nema meira en samanlögðum fjárhæðum hlutafjár og varasjóðs. Til skulda í þessu sambandi teljast ekki föst lán, sem greiðast eiga á 5 árum eða lengri tíma, að því leyti sem þau eru fulltryggð með veði.

Nú nemur varasjóður hærri fjárhæð en skylt er samkvæmt 1. málsg. og má þá verja árlega úr sjóðnum allt að 20% af því, sem umfram er, til annarra nota en segir í 87. gr.

90. gr.

Aðalfundur tekur ákvörðun um ráðstöfun arðs.

Hluthafafundur getur ráðstafað til almenningsheilla eða í góðgerðaskyni hæfilegum fjárhæðum, miðað við efnahag félagsins, enda þótt það falli utan tilgangs þess eða starfsemi.

Félagsstjórn er og heimilt að verja smávægilegum fjárhæðum í sama skyni og með sama skilorði, sem í 2. málsg. getur.

91. gr.

Úthlutun arðs til hluthafa má ekki fara fram úr því, sem félagsstjórn hefur lagt til samkvæmt 84. gr., sbr. þó 92. gr. Ekki má úthlutun vera hærri en viðhlitandi sé, miðað við ástæður félags og afkomuhorfur á hverjum tíma.

Óheimilt er að úthluta arði, fyrr en jafnaður hefur verið tekjuhalli fyrri ára, skyld framlög lögð í varasjóð og fé tekið frá til skattgreiðslu samkvæmt 1. tl. 88. gr.

Nú nemur varasjóður ekki 25% af skráðu hlutafé, og má þá ekki greiða hærri ársarð en 6% af greiddu hlutafé.

92. gr.

Hluthafar, sem ráða yfir  $\frac{1}{5}$  hlutafjár hið minnsta, eiga rétt til að úthlutað sé arði með eftirgreindum skilyrðum:

1. Að úthlutun arðs fari ekki fram úr helmingi af hreinum tekjuafgangi síðasta reikningsárs, eftir að jafnaður hefur verið halli fyrri ára og frá hafa verið dregin skyld framlög til varasjóðs og til greiðslu áætlaðra skatta, sbr. 1. tl. 88. gr.
2. Að úthlutun arðs fari ekki fram úr 5% af skuldlausum eignum félagsins.

93. gr.

Félagsstjórn skal innan mánaðar frá aðalfundi senda skráningarstjóra ársreikning félags og ársskýrslu ásamt skýrslu um, hvernig arði hafi verið ráðstafað. Fylgja skal endurrit úr gerðabók varðandi atkvæðagreiðslu um ársreikning og ráðstöfun arðs.

## X. KAFLI Endurskoðun.

### 94. gr.

Endurskoðendur, tveir eða fleiri, skulu endurskoða ársreikning félags og rækja önnur þau störf, sem þeim eru falin í lögum þessum.

Endurskoðendur skulu kjörnir á aðalfundi til eins eða tveggja ára í senn. Heimilt er að kjósa varaendurskoðendur með sama hætti.

Hluthafahópur, sem ræður yfir meira en  $\frac{1}{3}$  hlutfjár, hefur rétt til að ráða vali eins endurskoðanda.

### 95. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið, að endurskoðandi láti af starfi, þó að kjörtími hans sé ekki liðinn. Endurskoðandi, sem kjörinn hefur verið samkvæmt 3. málsg. 94. gr., verður ekki látinn víkja úr starfi, nema meiri hluti þess hluthafahóps, sem kaus hann, sé því samþykkur.

Ef endurskoðandi gegnir ekki starfi sínu út kjörtímann vegna brottvikningar, forfalla eða annarra ástæðna, og varamaður tekur ekki sæti hans, skal félagsstjórn annast um, að nýr endurskoðandi verði kjörinn í hans stað út kjörtímabilið.

### 96. gr.

Endurskoðandi hlutafélags skal vera íslenskur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi, lögráða, fjár sins ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Hann skal hafa nauðsynlega þekkingu á bókhaldi og atvinnurekstri, miðað við starfsemi félagsins.

Endurskoðandi má ekki vera stjórnandi félags, framkvæmdarstjóri þess eða starfsmaður. Ekki má hann vera í þjónustu stjórnanda, framkvæmdarstjóra, skrifstofustjóra, bókara eða gjaldkera félags né heldur maki þeirra, skyldur þeim eða mægður að feðgatali eða niðja eða að fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

Skráningarstjóri getur krafizt þess, að einn endurskoðenda sé löggiltur, ef rekstur félags er viðtækur eða sérstaklega stendur á að öðru leyti.

### 97. gr.

Endurskoðendum er skylt að kynna sér vandlega bókhald félagsins ásamt fylgiskjölum og kanna sjóði þess og aðrar fjárreiður. Félagsstjórn og framkvæmdarstjóri skulu veita þeim óskoraðan aðgang að bókom félagsins og öðrum gögnum og veita þeim hverja þá vitneskju, sem þeir telja sér nauðsynlega í starfi sínu.

Í áritun á ársreikning eða í sérstakri skýrslu til aðalfundar skulu endurskoðendur gera glögga grein fyrir öllu því, sem þeir kunna að telja áfátt, þar á meðal, ef þeir hafa orðið þess varir, að starfsemi félags sé ekki í samræmi við ákvæði laga eða félagssamþykkt. Jafnan skulu þeir votta um eftirgreind atriði:

1. Hvort ársreikningur sé í samræmi við bækur félagsins.
2. Hvort bókhald félagsins sé fullnægjandi.
3. Að endurskoðendur hafi sannreynt, að félagið eigi þær eignir, sem taldar eru í ársreikningi.
4. Hvort eignir félags séu skráðar á ársreikningi samkvæmt góðri verzlunartizku svo og hvort skuldbindingar þess séu þar rétt fram taldar.
5. Að endurskoðendur hafi fengið alla þá vitneskju um hag félagsins, sem þeir óskuðu eftir.
6. Hvort endurskoðendur mæli með samþykkt ársreiknings.

### 98. gr.

Skylt er endurskoðanda að koma á hluthafafund, ef félagsstjórn, framkvæmdarstjóri eða hluthafi æskir þess, og gera þar grein fyrir endurskoðun sinni og álitsgerðum, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni félagsins.

Gæta skal endurskoðandi þagnarskyldu um það, sem hann kemst að í starfi sínu.

99. gr.

Rétt á endurskoðandi til hæfilegrar þóknunar fyrir starf sitt. Aldrei má ákveða laun hans sem tiltekinn hluta af ágóða félags.

100. gr.

Tilkynna skal skráningarstjóra tafarlaust kjör endurskoðenda. Ákvæði 2. málsg. 82. gr. gilda hér, eftir því sem við á.

## XI. KAFLI

### Félagsslit.

101. gr.

Um skyldu hlutafélags til að framselja bú sitt til gjaldþrotaskipta fer eftir lögum um gjaldþrotaskipti.

Nú verða eignir afgang, eftir að allar kröfur hafa verið greiddar, og úthlutar skiptaráðandi þeim þá til hluthafa, sbr. 1. málsg. 111. gr., nema lögmæltur hluthafafundur ákveði að halda starfsemi félagsins áfram, enda sé lögmæltum skilyrðum til þess fullnægt.

Þegar skiptum lýkur, án þess að félag taki upp starfsemi af nýju, telst félaginu slitið.

102. gr.

Slíta skal hlutafélagi:

1. Ef hluthafar, sem fullnægja skilyrðum 26. gr., sbr. 4. gr., verða færri en sjö.
2. Ef félag hefur ekki þrjá stjórnendur hið fæsta, er fullnægja skilyrðum 71. gr., sbr. 70. gr.
3. a. Ef hlutafé er ekki að fullu greitt eða löglega fært niður samkvæmt 2. málsg. 27. gr. eða 38. gr.  
b. Ef hlutafé er ólöglega skert með greiðslu til hluthafa.
4. Ef félag hefur ekki sent skráningarstjóra samþykktan ársreikning þrjú undanfarin reikningsár.
5. Ef starfstími félags er liðinn eða hlutverki þess lokið samkvæmt ákvæðum félagssamþykktta.
6. Ef hluthafi eða annar aðili á rétt til þess samkvæmt ákvæðum félagssamþykktta eða samningi, að félagi sé slitið, enda hafi hann krafizt þess.

Þegar skráningarstjóri hefur fengið vitneskju um atvik, sem greinir í 1., 2., 3. b., 4 og 5. tl. 1. málsg., skal hann veita félagi hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf. Nú er rekstri félags haldið áfram, eftir að sá frestur eða frestir samkvæmt 2. málsg. 27. gr. eða 38. gr. eru liðnir, og ábyrgjast þá þeir, sem með vitund um skyldu til félagsslita gera samning fyrir hönd félags eða standa að samningsgerð, einn fyrir alla og allir fyrir einn efndir hans auk félagsins.

103. gr.

Hluthafafundur getur tekið ákvörðun um félagsslit, sbr. 62. gr. og 7. tl. 64. gr. Félagsstjórn skal þegar í stað tilkynna skráningarstjóra þá ákvörðun.

Nú ákveður hluthafafundur félagsslit með þeim hætti að afsala eignum félags í heild til annars aðila, og skal þá tillaga félagsstjórnar um afsalsgerninginn, nákvæm skýrsla um endurgjald og aðra skilmála og álitserð endurskoðenda um ráðstöfunina liggja frammi til sýnis hluthöfum lögmæltan tíma fyrir fundinn, sbr. 55. gr. Ef hluthafar, sem ráða yfir  $\frac{1}{10}$  hlutafjár hið minnsta, krefjast þess, skal meta eignir félags og atvinnu samkvæmt ákvæðum 9. gr., áður en ákvörðun er tekin, og matsgerð liggja frammi, svo sem fyrr segir.

#### 104. gr.

Þegar félagsslit eiga fram að fara samkvæmt ákvæðum 102. eða 103. gr., skal hluthafafundur kjósa skilanevndarmenn, einn eða fleiri, til þess að fara með mál félags, meðan á félagsslitum stendur, enda hafi hluthafafundur ekki ákveðið að fá skiptarétti bú félagsins til meðferðar. Hluthafahópur, sem ræður yfir meira en  $\frac{1}{3}$  hlutafjár, hefur rétt til að ráða vali eins skilanevndarmanns. Skilanevndarmaður skal vera íslenskur ríkisborgari, lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mann-orð. Meiri hluti skilanevndarmanna skal vera búsettur hér á landi.

Hluthafafundur skal kjósa tvo eða fleiri endurskoðendur félagsslita, og gilda ákvæði X. kafla laganna um þá, eftir því sem við á.

#### 105. gr.

Nú kýs hluthafafundur ekki skilanevnd, þegar svo er ástatt, sem segir í 1.—5. tölulið 102. gr. eða 103. gr., og skal þá skráningarstjóri krefjast þess, að skiptaréttur taki bú félagsins til opinberra skipta. Ef atvikum er svo háttáð, sem segir í 6. tölulið 102. gr., getur aðili, er þar greinir, krafizt opinberra skipta.

Ef skilanevndarmaður hverfur úr starfi, og hluthafafundur kýs ekki mann í hans stað, skal svo fram fara sem segir í 1. málsg. r.

Skiptaréttur á úrlausn þess, hvort skilyrði opinberra skipta séu fyrir hendi.

#### 106. gr.

Skilanevnd skal þegar í stað tilkynna skráningarstjóra kjör sitt og hvernig undirskriftum sé hagað. Í undirskrift skal halda nafni félagsins óbreyttu og þess getið, að skilanevnd fari með stjórn þess. Ákvæði 2. málsg. r. 82. gr. gilda hér, eftir því sem við á.

#### 107. gr.

Skilanevnd kemur í stað félagsstjórnar og framkvæmdarstjóra og hefur sams konar rétt og skyldur, að því leyti sem við á. Með sama hætti skal fara eftir ákvæðum laganna um hluthafafundi og reikningsskil, meðan skilanevnd fer með mál félags.

Ef hluthafafundur ákveður afsal á eignum félags í heild, eftir að skilanevnd hefur verið kosin, gilda ákvæði 2. málsg. r. 103. gr., þó þannig, að skilanevnd kemur í stað félagsstjórnar.

Ef það kemur í ljós, meðan á félagsslitum stendur, að eignir félagsins muni ekki hrökkva fyrir skuldum, ber skilanevnd, ef ekki er farið eftir ákvæðum III. kafla laga nr. 19/1924, að afhenda bú félagsins skiptarétti til gjaldprotaskipta.

#### 108. gr.

Skilanevnd gerir, svo fljótt sem unnt er, rekstrarreikning um tímabil það, sem liðið er frá síðustu reikningsskilum, svo og efnahagsreikning við upphaf félagsslita. Skylt er fráfarandi félagsstjórn og framkvæmdarstjóra að veita alla nauðsynlega aðstoð við reikningsgerð þessa.

#### 109. gr.

Skilanevnd skal birta í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna félagsins um að lýsa kröfum sínum með sama hætti og sömu réttaráhrifum og gildir um innköllun krafna við gjaldprotaskipti.

#### 110. gr.

Þegar innköllunarfrestur er liðinn, skuldir hafa verið greiddar eða næg trygging sett að dómi skráningarstjóra og lokið er að koma eignum félags í verð, skal skilanevnd gera skýrslu um störf sín og frumvarp að úthlutunarskrá til hluthafa eða annarra, sem við eignum eiga að taka. Greiðsla til hluthafa skal vera í réttu hlutfalli við hlutaeign þeirra, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

Eftir að aflað hefur verið álits endurskoðenda um skýrslu skilanevndar og frumvarp að úthlutunarskrá, skal nefndin leggja hvort tveggja fyrir hluthafafund til samþykktar.

111. gr.

Skilanevnd annast greiðslur samkvæmt úthlutunarskrá, eftir að úthlutun hefur verið ákveðin til fullnaðar.

Ef hluthafa eða öðrum hefur verið greitt meira en honum ber, skal hann endurgreiða það, enda ábyrgjast skilanevndarmenn einn fyrir alla og allir fyrir einn endurheimtuna.

112. gr.

Ágreining um skuldakröfur, skiptingu félagseigna og kostnað af félagsslitum má bera undir skiptarétt, þar sem félag á heimili, enda sé um ágreining að ræða, sem bæri undir skiptarétt við opinber búskipti.

Nú rís ágreiningur um málefni, sem í 1. málsg. getur, og skal hann þá borinn undir dómstóla innan 6 vikna, frá því að skilanevnd tilkynnti aðilja véfengingu eða honum varð véfenging á annan hátt kunn.

113. gr.

Ef aðili vitjar ekki fjárhæðar, sem í hlut hans hefur komið, skal hún falin Landsbanka Íslands til geymslu, sbr. 51. gr. laga nr. 10/1928, og skal það tilkynnt aðilja, ef unnt er. Fjárhæðin verður eign ríkissjóðs, ef hennar er ekki vitjað innan 10 ára, frá því að hún var afhent bankanum.

114. gr.

Þegar skilanevnd hefur lokið greiðslum samkvæmt 111. gr. eða lagt fé í geymslu samkvæmt 113. gr., skal hún tafarlaust tilkynna skráningarstjóra, að félaginu sé sliði. Tilkynningu skal fylgja eintak af úthlutunarskrá, kvittanir fyrir greiðslum eða eftirrit þeirra svo og geymsluskírteini, ef um þau er að ræða.

Skilanevnd sendir skráningarstjóra bækur félags og gögn, en hann varðveitir þau 10 ár frá félagsslitum hið skemmsta.

Nú hefur skiptaráðandi fengið bú hlutafélags til opinberra skipta, og skal hann þá tilkynna skráningarstjóra upphaf og lok skiptanna.

115. gr.

Nú koma fram eignir, eftir að félagsslitum er lokið, og skal skilanevnd þá taka skipti upp af nýju, án nýrrar innköllunar til kröfuhafa. Ef þess er ekki kostur, að skilanevnd taki upp skiptin, skal skráningarstjóri hlutast til um, að skiptaréttur framkvæmi þau. Tilkynna skal skráningarstjóra upphaf og lok framhaldsskipta og senda honum eintak af úthlutunarskrá ásamt fylgigögnum.

116. gr.

Meðan greiðslur til hluthafa hafa ekki farið fram, sbr. 111. gr., getur hluthafafundur ákveðið, að félagsslitum, er ráðin hafa verið samkvæmt 103. gr., skuli hætt og félagið halda áfram störfum, enda greiði hluthafar, sem ráða yfir  $\frac{3}{4}$  hluta-fjár, því jákvæði. Samþykkt er því aðeins gild, að greiddar séu eða tryggðar, sbr. 110. gr., kröfur allra lánardrottna, sem ekki hafa fallizt á samþykktina. Samþykkt skal tilkynna skráningarstjóra þegar í stað.

Ekki má félag hefja starfsemi af nýju, fyrr en samþykkt hefur verið skráð í hlutafélagaskrá, enda fullnægi félagið lögmæltum skilyrðum að öðru leyti. Ákvæði 23.—25. gr. gilda hér, eftir því sem við á.

117. gr.

Nú hefur ákvörðun um félagsslit verið hnekkd með dómi, og skal þá skilanevnd þegar kveðja til hluthafafundar, til þess að koma málefnum félagsins í rétt horf.

#### 118. gr.

Heimilt er að sameina tvö eða fleiri hlutafélög í nýtt hlutafélag, án þess að kjörin sé skilanefnd til að annast slit eldri félaganna.

Samning félaganna um sameiningu skal bera undir hluthafafundi í félögum þeim, sem sameina skal, og gilda ákvæði 7. tölul. 64. gr. um samþykkt hans. Fara skal eftir ákvæðum 2. málsg. 103. gr., áður en ákvörðun er tekin.

Nú hafa félögin samþykkt sameiningu, og skal þá haldinn sameiginlegur hluthafafundur, þar sem nýja félaginu eru settar samþykktir, sbr. 10. gr., og stjórn þess og endurskoðendur kjörnir. Ákvæði 4., 5. og 23.—25. gr. laga þessara gilda um stofnun hins nýja félags, eftir því sem við á. Stjórnendur félaga þeirra, sem sameinuð eru, bera allir sömu ábyrgð sem stofnendur hlutafélaga.

Stjórn hins nýja félags skal þegar birta í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna hlutafélaga þeirra, sem sameinuð eru, um að lýsa kröfum sínum með sama hætti og sömu réttaráhrifum og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

Halda skal aðgreindum eignum félaga þeirra, sem sameinuð eru, þar til kröfulýsingarfrestur er liðinn og kröfur greiddar eða fullnægjandi trygging sett fyrir þeim að dómi skráningarstjóra, enda ábyrgjast stjórnendur hins nýja félags einu fyrir alla og allir fyrir einn allt það tjón, sem leiða kann af vanrækslu í því efni.

Ef hið nýja félag verður gjaldþrota, meðan eignir eru sérgreindar samkvæmt framanskráðu, á hver lánardrottinn forgangsrétt til greiðslu af eignum þess félags, sem skuld hans var stofnuð við. Nú hafa lánardrottinnar félaga þeirra, sem sameinuð eru, fengið kröfur sínar greiddar eða tryggðar, og eiga þá hluthafar í þeim félögum forgangsrétt að eignum þeim, sem eftir eru, til greiðslu á því andvirði hlutabréfa sinna, sem ekki er greitt með hlutum í nýja félaginu.

#### 119. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið félagsslit án kosningar skilanefndar með þeim hætti að afsala eignum félags í heild til annars hlutafélags gegn greiðslu með hlutum í því félagi að nokkru leyti eða öllu. Ákvæði 2. málsg. 118. gr. gilda um félag það, sem slíta á.

Um samþykkt af hendi félags þess, sem við eignum á að taka, gilda ákvæði 6. tölul. 64. gr., en ekki þarf að gæta ákvæða V. kafla laga þessara, þó að hlutafé sé hækkað af þessum sökum.

Stjórnendur félags þess, sem við eignum á að taka, skulu annast innköllun samkvæmt ákvæðum 4. málsg. 118. gr. á kröfum lánardrottna félags þess, sem slíta á, og halda eignum þessum aðgreindum, eins og segir í 5. málsg. sömu greinar, enda bera þeir ábyrgð, eins og þar getur. Ef félag það, sem við eignum tekur, verður gjaldþrota á þeim tíma, sem segir í 6. málsg. 118. gr., skal farið eftir ákvæðum þeirrar málsgreinar, svo sem við á.

#### 120. gr.

Nú hefur verið tekin ákvörðun um sameiningu hlutafélaga samkvæmt ákvæðum 118. eða 119. gr., og skal þá stjórn hvers félags senda skráningarstjóra þegar í stað eftirrit samþykktar ásamt þeim gögnum, er sameiningu varða.

Þegar kröfur lánardrottna og hluthafa í félagi, sem slitið er, hafa verið greiddar eða tryggðar, sbr. 5. málsg. 118. gr. og 3. málsg. 119. gr., skal stjórn félags þess, sem við tekur, tilkynna það skráningarstjóra þegar í stað.

## XII. KAFLI Samstæða hlutafélaga.

### 121. gr.

Það er samstæða hlutafélaga, þegar félag (móðurfélag) ræður vegna hluta-eignar yfir meiri hluta atkvæða í öðru félagi eða félögum (dótturfélögum). Nú hefur dótturfélag sams konar yfirráð í öðru hlutafélagi, og teljast þá bæði þau félög dótturfélög móðurfélagsins.

Þegar hlutafélag verður með framangreindum hætti móðurfélag annars félags, skulu stjórnendur móðurfélagsins þegar í stað tilkynna það stjórn dótturfélagsins svo og skráningarstjóra.

Nú þykir skráningarstjóra ljóst, að hlutafélag hafi vegna samnings, fjárfram-lags eða af öðrum ástæðum yfirráð annars félags eða félaga, og getur hann þá ákveðið, að 122.—127. gr. taki til félaga þessara.

### 122. gr.

Dótturfélag má ekki eignast gegn endurgjaldi hluti í móðurfélagi né taka þá að veði, og eru samningar með slíku efni ógildir. Þó má dótturfélag kaupa hluti í móðurfélagi á nauðungaruppboði, sem haldið er til fullnægju kröfu dótturfélags.

Nú hefur dótturfélag eignast hlut í móðurfélagi, og ber stjórn þess þá að tilkynna skráningarstjóra það tafarlaust og gera ráðstafanir til að hluturinn verði seldur öðrum aðilja, sem gildur er metinn, félaginu að skaðlausu. Um ábyrgð stjórnenda dótturfélags gilda ákvæði 4. málsg. 27. gr.

Atkvæðisréttur fylgir ekki hlut, sem dótturfélag á í móðurfélagi.

### 123. gr.

Hlutafélög, sem mynda samstæðu, skulu hafa sama reikningsár.

Í rekstrarreikningi móðurfélags skal greina í sérstökum liðum tekna megin arð af hlutum og annarri fjáreign í dótturfélagi og gjalda megin vaxtagreiðslur til dótturfélags.

Á sama hátt skal efnahagsreikningur móðurfélags greina eigna megin hluti og önnur framlög í dótturfélagi, föst lán, veitt dótturfélagi, og lausaskuldir, er móðurfélag á hjá dótturfélagi. Skulda megin skal greina sér í lagi föst lán og sér í lagi lausaskuldir móðurfélags við dótturfélag.

Nú er fleira en eitt dótturfélag í samstæðu, og skal móðurfélag þá greina í efnahagsreikningi sínum samanlagðar inneignir sínar hjá dótturfélögum og sam-anlagðar skuldir sínar við þau.

### 124. gr.

Stjórnendur móðurfélags skulu gera ársskýrslu um samstæðu félaganna, er miðist við sama dag og efnahagsreikningur móðurfélags. Í skýrslunni skal eftir góðri verzlunartísku gerð grein fyrir efnahag hvers félags í samstæðunni samkvæmt efnahagsreikningum þeirra. Skýrslan skal greina ágóða eða tap samstæðunnar, eftir að frá hefur verið dreginn ágóði af skiptum félaganna sín á milli. Þess skal getið, hverri fjárhæð nemur hveinn ágóði, er móðurfélag kann að hafa fengið frá hverju dótturfélagi, svo og hvort og að hverju leyti tillit hefur verið tekið til þess í efnahagsreikningi móðurfélags, að tap hefur orðið á rekstri dótturfélags.

Dótturfélagi er skylt að veita móðurfélagi þá vitneskju, sem nauðsynleg er til að gera ársskýrslu samkvæmt 1. málsg.

### 125. gr.

Jafnan skal móðurfélag hafa einn löggiltan endurskoðanda hið fæsta.

Ekki mega fleiri en einn af endurskoðendum dótturfélags hafa þá afstöðu til móðurfélags, sem greinir í 2. málsg. 96. gr.



126. gr.

Ársskýrslu samkvæmt 124. gr. skal leggja fyrir endurskoðendur móðurfélags. Þeir skulu sérstaklega kynna sér, hvernig háttað er afstöðu móðurfélagsins til dótturfélaga, svo og afstöðu dótturfélaga sín á milli.

Leggja skal ársskýrslu fyrir aðalfund móðurfélags ásamt rökstuddri álitserð endurskoðenda um hana, þar á meðal um, hvort tillaga félagsstjórnar um úthlutun arðs í móðurfélagi geti eftir góðri verzlunartísku samrýmt hag samstæðunnar í heild, sbr. 1. málsgr. 127. gr., og hvort óvenjuleg eða óeðlileg viðskipti hafi gerzt milli félaga í samstæðunni. Um endurskoðunina gilda að öðru leyti ákvæði 97. gr., eftir því sem við á.

Stjórn móðurfélags sendir skráningarstjóra ársskýrslu um samstæðu félaga samkvæmt 124. gr. ásamt skilríkjum þeim, er getur í 93. gr.

127. gr.

Úthlutun arðs í móðurfélagi til hluthafa má ekki fara fram úr því, sem samrýmt getur góðri verzlunartísku, þegar litið er til hags samstæðunnar í heild.

Ekki má móðurfélag hækka hlutafé sitt samkvæmt 46. gr. um hærri fjárhæð en heimilt hefði verið að greiða sem arð til hluthafa samkvæmt 1. málsgr.

### XIII. KAFLI

#### Skráning hlutafélaga.

128. gr.

Skráningarstjóri ríkisins annast skráningu allra íslenzkra hlutafélaga.

Skráningarstjóri heldur hlutafélagaskrá. Ráðherra setur reglur um skipulag hennar.

Á hlutafélagaskrá skal taka tilkynningar samkvæmt 21. gr., 3. málsgr. 27. gr., 1. og 3. málsgr. 38. gr., 44. gr., 2. málsgr. 45. gr., 2. málsgr. 46. gr., 51. gr., 1.—3. og 5. tl. 1. málsgr. 82. gr., 100 gr., 1. málsgr. 103. gr., 106. gr., 1. og 3. málsgr. 114. gr., 1. málsgr. 116. gr., 120. gr., 138. gr., 2. málsgr. 139. gr., 140. gr. og 141. gr.

Almenningur á rétt til að kynna sér allt það, sem tekið hefur verið á hlutafélagaskrá, ásamt fylgiskjölum.

Nú telja stofnendur eða stjórnendur hlutafélags, að birting tiltekinna atriða geti valdið félaginu tjóni, og sker skráningarstjóri þá úr, hvort þau skuli sett á skrá.

129. gr.

Skráningarstjóri skal án tafar birta í Lögbirtingablaðinu á kostnað tilkynnanda aðalefni þess, sem skrásett hefur verið. Hann semur og um árslok hver og birtir í B-deild Stjórnartíðinda skrá um allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

130. gr.

Skráningarstjóri skal synja staðfestingar á stofnskjölum, ef ekki er bætt úr annmörkum innan frests samkvæmt 2. málsgr. 12. gr.

Skráningarstjóri skal synja skráningar, ef tilkynning brýtur í bága við félagssamþykktir eða fullnægir ekki ákvæðum laga þessara um efni eða form og ekki hefur verið úr bætt innan þeirra fresta, sem löggin ákveða.

Birta skal skráningarstjóri þegar í stað þeim, sem hlut á að máli, synjun sína ásamt rökstuðningi. Heimilt er aðila að leita úrlausnar dómstóla um synjunina, enda höfði hann mál innan 6 mánaða frá því, að honum barst tilkynning um hana.

131. gr.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu, og getur hann þá borið mál undir dómstóla, enda höfði hann málið innan 6 mánaða frá því, að tilkynning var

birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir, skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í hlutafélagaskrá og birta síðan samkvæmt 129. gr.

132. gr.

Það, sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði samkvæmt 129. gr., skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin, að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi fram farið, og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim, sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

133. gr.

Tilkynningum til skráningarstjóra skulu fylgja gjöld, er renna í ríkissjóð, og eru þau sem hér segir:

1. Fyrir rannsókn og staðfestingu stofnskjala 200 kr.
2. Fyrir staðfestingu útboðsskrár, þegar hlutafé er hækkað, 100 kr.
3. Fyrir skráningu nýs hlutafélags og útibús erlends hlutafélags 500 kr.
4. Fyrir skráningu á breytingum eða viðaukum við það, sem áður hefur verið skráð, 200 kr.

Fyrir munnlegar skýrslur skráningarstjóra um einstakt hlutafélag skal greiða 20 kr. Fyrir endurrit, er skráningarstjóri lætur af hendi úr hlutafélagaskrá eða af öðrum skjölum, skal greiða gjald samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1938, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1947.

Skráningarstjóri lætur yfirvöldum ókeypis í té endurrit og munnlegar skýrslur, er þau þarfnast í embætti sínu.

#### XIV. KAFLI

##### Erlend hlutafélög.

134. gr.

Ráðherra getur veitt hlutafélagi, sem heimili á erlendis, rétt til að starfa hér á landi, ef fullnægt er eftirtöldum skilyrðum:

1. Að félagið sé löglegt í heimalandi sínu.
2. Að félagið fullnægi meginskilyrðum laga þessara fyrir því að teljast hlutafélag.
3. Að íslensk hlutafélög njóti sama réttar í heimalandi erlenda félagsins.
4. Að félagið fullnægi ákvæðum íslenzkrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér.
5. Að félagið hafi hér skrásett útibú.
6. Að félagið setji tryggingu fyrir greiðslu þeirra skulda, er félagið kann að komast í við hérlenda lánardrottna vegna starfsemi sinnar hér. Ráðherra ákveður trygginguna, þegar leyfi er veitt, og getur krafizt hærri tryggingar síðar, ef ástæður breytast.

135. gr.

Öll lögskipti, sem leiðir af starfsemi félagsins hér á landi, skulu lúta íslenskum lögum og lögsögu.

136. gr.

Í heiti útibús skal greina nafn og heimilisfang hins erlenda hlutafélags, svo og þess getið, að útibú sé. Ef félag eða útibú er undir forræði skilaneftndar, skal þess einnig geta.

137. gr.

Útibússtjórar, einn eða fleiri, skulu veita útibúi forstöðu.

Útibússtjóri skal vera íslenskur ríkisborgari, lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og vera heimilisfastur hér á landi. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðinu um íslenskan ríkisborgararétt.

Útibússtjóri undirritar skuldbindingar útibúsins og ber ábyrgð á, að gætt sé íslenskra laga um rekstur þess. Félagsstjórn getur þó veitt prókúruumboð fyrir útibúið, enda fullnægi prókúruhafi skilyrðum 2. málsgr. um útibússtjóra.

#### 138. gr.

Tilkynna skal skráningarstjóra stofnun útibús. Tilkynning skal gerð á eyðublöð, sem skráningarstjóri lætur af hendi.

Tilkynning skal greina:

1. Heiti erlenda félagsins og heimilisfang.
2. Tilgang félagsins, ef hann er annar en sá að afla ágóða til skiptingar meðal hluthafa.
3. Starfsemi félagsins.
4. Dagsetning félagssamþykktta.
5. Upphæð hlutafjár.
6. Hvort eða að hve miklu leyti hlutafé sé greitt. Ef það er ekki að fullu greitt, skal þess getið, hvenær greiða á eftirstöðvarnar.
7. Heiti útibús og heimilisfang.
8. Starfsemi útibús sérgreinda.
9. Nafn, stöðu og heimilisfang útibússtjóra og prókúruhafa.
10. Hverjir hafa heimild til að skuldbinda útibúið, og skulu þeir sýna með eigin hendi, hvernig undirskriftum sé hagað.

Tilkynningu skal fylgja:

- a. Embættisvottorð um, að félagið sé löglegt í heimalandi sínu.
- b. Yfirlýsing félagsstjórnar, staðfest af notarius publicus, um að félagið hlíti því, að lögskipti þess hér lúti íslenskum lögum og lögsögu.
- c. Staðfest starfsumboð til handa útibússtjóra og prókúruhafa.
- d. Samþykktir félagsins á frummáli og auk þess í löggiltri þýðingu, eftir því sem skráningarstjóri telur nauðsynlegt.
- e. Ársreikningar félagsins þrjú undanfarin reikningsár.
- f. Skilríki um, að útibússtjóri og prókúruhafi fullnægi skilyrðum 137. gr.

Útibússtjóri undirritar tilkynningu og ber ábyrgð á efni hennar og fylgiskjala.

#### 139. gr.

Nú hefur löggerningur verið gerður fyrir hönd útibús, áður en það er skráð, og gilda þá ákvæði 23.—25. gr., eftir því sem við á.

Útibússtjóra ber að tilkynna skráningarstjóra allar breytingar á því, sem skráð hefur verið, sbr. 5. tl. 82. gr.

Útibússtjóri skal senda skráningarstjóra ársreikning útibús innan 2 mánaða frá lokum reikningsárs.

#### 140. gr.

Ef hið erlenda félag verður gjaldþrota, skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna það skráningarstjóra svo og skiptarétti, sem tekur bú útibúsins til meðferðar og annast þær skiptagerðir, sem hér fara fram.

#### 141. gr.

Útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá:

1. Ef útibússtjóri fullnægir ekki lengur skilyrðum 137. gr. eða hverfur úr starfi. Skráningarstjóri getur þó veitt félaginu hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf.
2. Ef hið erlenda félag fullnægir ekki lengur skilyrðum þeim, sem greind eru í 1.—4. tl. og 6. tl. 134. gr.
3. Ef hið erlenda félag ákveður að leggja útibúið niður.

4. Ef þess er krafizt af lánardrottni, sem sannað hefur með árangurslausri aðför eða löghaldsgerð eða með játningu útibússtjóra, að eignir félagsins hér á landi nægi ekki til greiðslu á kröfu hans.

142. gr.

Nú ber að afmá útibú úr hlutafélagaskrá, og falla þá í gjalddaga þær kröfur hérleindra lánardrottna, sem stofnast hafa vegna starfsemi útibúsins. Að því leyti, sem lánardrottnar þessir hafa ekki fengið kröfur sínar greiddar af eignum útibúsins, eiga þeir rétt til fullnægju af tryggingarfé því, sem getur í 6. tl. 134. gr. Ef innköllun hefur ekki áður farið fram, skal skiptaráðandi, þar sem útibú var skrásett, birta í Lögbirtingablaði áskorun til hérleindra lánardrottna þess um að lýsa kröfum sínum með sama hætti og sömu réttaráhrifum og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti. Að loknum innköllunarfresti skal tryggingarfénu útlutað til lánardrottna þessara eftir reglum 8. kafla laga nr. 3/1878.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmdar, að millirikjasamningar standi því ekki í vegi.

143. gr.

Útibússtjóri ber ábyrgð á skuldbindingum, sem hann stofnar til fyrir hönd útibús, eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot félagsins, sbr. 140. gr., eða um atvik, sem eiga að valda því, að útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá, sbr. 141. gr.

## XV. KAFLI

### Refsiákvæði o. fl.

144. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, framkvæmdarstjóri, endurskoðendur, skilanevndarmenn eða útibússtjóri erlends hlutafélags skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, félagssamþykktum eða ályktunum hluthafafundar, og getur þá ráðherra boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, sem taka má lögtaki, að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti úrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

145. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að 2 árum:

1. Að skýra vísitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru, er það varðar, í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, í opinberu boði um þátttöku í stofnun félags eða í útboði hluta, í skýrslum, reikningum eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða í tilkynningum til skráningarstjóra.
2. Að brjóta vísitandi ákvæði laga þessara um útgáfu hlutabréfa eða bráðabirgðaskirteina, um hlutabréfaskrá, greiðslur í varasjóð, úthlutun arðs og ágóðabóknunar og endurgreiðslu á hlutafjárframlögum.
3. Að brjóta vísitandi þagnarskyldu samkvæmt 2. málsg. 98. gr.  
Ef brot, sem lýst er í 1. málsg., hefur verið framið af stórfelldu gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

146. gr.

Hver sá, sem vísitandi ber út rangar frásagnir eða með öðrum samsvarandi hætti skapar rangar hugmyndir um hag hlutafélags eða annað, er það varðar, þannig að áhrif geti haft á sölu eða söluverð hluta í félaginu, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að 2 árum.

Ef sá, sem stjórnar hlutafélagi eða kemur að öðru leyti fram fyrir hönd þess, hermír vísitandi rangt eða villandi um efnahag félags eða eignir í skjölum, bréf-

um til viðskiptamanna, umburðarbréfum eða tilkynningum, þá varðar það sektum eða varðhaldi, enda taki ákvæði 145. gr. eða 1. málsg. þessarar greinar ekki þar til.

#### 147. gr.

Sá maður skal sæta sektum eða varðhaldi, sem gerist sekur um eftirgreindar athafnir, að því er varðar atkvæðagreiðslu á hluthafafundi:

1. Aflar sér eða öðrum ólöglega færís á að taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ruglar atkvæðagreiðslu með öðrum hætti.
2. Leitast við með ólögumætri nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá hluthafa eða umboðsmann hans til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.
3. Kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli, að hluthafi eða umboðsmaður hans greiðir ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýttist eða hefur önnur áhrif en til var ætlað.
4. Greiðir, lofar að greiða eða býður hluthafa eða umboðsmanni hans fé eða annan hagnað til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði féluginu í óhag.
5. Tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér eða öðrum hagnaði, til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði féluginu í óhag.

#### 148. gr.

Sá, sem vanrækir tilkynningar til skráningarstjóra samkvæmt lögum þessum, skal sæta sektum.

#### 149. gr.

Þegar stjórnendur eða aðrir fyrirsvarsmenn hlutafélags hafa gerzt sekir um brot í starfi sínu fyrir félagið, má dæma því fjársekt, hvort sem einstaklingi er dæmd refsing eða ekki.

#### 150. gr.

Nú hefur stjórnanda félags eða öðrum, sem komið hefur fram fyrir hönd þess, verið dæmd sekt vegna brots í starfi sínu fyrir félagið, og ber félagið þá ábyrgð á greiðslu sektar, ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki er ákvæði í refsíðomi um ábyrgð félagsins, verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því, að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

### XVI. KAFLI

#### Gildistaka laganna o. fl.

#### 151. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Ákvæði laganna taka og til hlutafélaga, sem áður hafa verið stofnuð, með þeim undantekningum, sem getur í 152.—154. gr.

#### 152. gr.

Ákvæði II. kafla laganna gilda ekki um félög, sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku þeirra, sbr. þó 154. gr.

Nú hefur hlutafélag ekki verið skráð, er lögin taka gildi, en stofnun þess ráðin til hlítar á stofnfundi samkvæmt II. kafla laga nr. 77/1921, og skal skráning þess þá heimil. Um tilkynningu til skráningar gilda ákvæði 21. gr. laga þessara, eftir því sem við á.

Ef undirbúningur að stofnun félags er skemmra á veg kominn en í 2. málsg. getur, skal um stofnun þess að öllu leyti fara eftir ákvæðum laga þessara. Heimilt er skráningarstjóra að veita aukna fresti til að koma stofnun félags í rétt horf, þegar svo stendur á.

153. gr.

Ákvæði 26. gr. gilda ekki um eldri félög. Ef hluthafar í þeim félögum verða færri en fimm, er skylt að slíta félagi á sama hátt og segir í 1. tl. 1. málsgr., sbr. 2. málsgr. 102. gr. laga þessara.

Ákvæði 27. og 33. gr. gilda um eldri félög. Skráningarstjóri skal þó veita hæfilegan frest til að koma málum, er þar greinir, í rétt horf.

Ákvæði 28., 29. og 35. gr. taka ekki til eldri félaga.

Ákvæði 1. málsgr. 45. gr. taka ekki til eldri félaga, sem löglega hafa ákveðið hækkun hlutafjár fyrir gildistöku laganna.

Ef skilanefnd hefur verið kosin til að annast félagsslit, áður en lög þessi öðlast gildi, taka ákvæði 1. málsgr. 104. gr. ekki til skilanefundarmanna.

Ákvæði 134. gr. gilda ekki um útibú erlends hlutafélags, sem löglega hefur verið stofnað hér á landi fyrir gildistöku laganna.

154. gr.

Hlutafélög, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku laganna og ekki hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta né félagsslita, skulu á fyrsta aðalfundi, eftir að lögin taka gildi, samræma félagssamþykktir sínar ákvæðum laga þessara. Skráningarstjóri getur, ef sérstaklega stendur á, veitt frest í þessu skyni til næsta aðalfundar á eftir.

155. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög, svo og önnur ákvæði laga, sem brjóta í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi sem stjórnarfrumvarp, en varð ekki útrætt á því þingi. Um frumvarpið vísast til athugasemda þeirra, er fylgdu því þá.